

**- Saga Hvolhrepps -**

**í**

**- 60 -**

**ár**

Pálmi Eyjólfsson skráði

# Efnisyfirlit

"Við austur gnæfir sú hin mikla mynd" .....	1
Hvolsvallarkauptún - staður veðursældar.....	1
Merkisárið 1930 .....	2
Húsvitjað á hátíðarári.....	2
Landnámsmaðurinn í Hvolsvelli .....	4
Stór staður .....	5
„Harður ertu, Jón minn.” .....	6
Haldið upp að höfuðbólínu Stórólshvoli .....	6
Víðsýni.....	8
Rausnargarður héraðshöfðingja .....	10
Ofar sléttlendinu .....	11
Forn bæjarnafn .....	12
Manntalsþing .....	16
Nýir tímar í lítilli sveit .....	16
Látið til skarar skríða .....	18
Augnablikið .....	19
Gætum við dáið úr hungri með fullan kvið? .....	19
Dúndur-útsala í Hallgeirsey.....	19
Hættið að kysast! Hættið prestar góðir að messa! .....	20
Mikið fyrir lítið.....	21
100 króna hitaveita .....	21
Fyrsti kaupfélagsstjórinn kveður .....	22
Í Hallgeirsey.....	22
Að leggja árar í bát .....	22
eða mæta nýjum tímum með nýjum úrræðum .....	22
Skyggnst í gamlar fundargerðir .....	22
Verslunarlóð á góðum stað.....	23
Áætlun um stofn-og rekstrarkostnað .....	24
Um tvennt að velja.....	25
Hamarshögg í Hvolsvelli.....	25
og farið að höndla 1. október 1930 .....	25
Langt að sækja mann til að afgreiða bensín .....	26
Framtíðaráform.....	27
Fyrsta lóðaúthlutun á Hvolsvelli.....	28
Afsláttur og aukið vöruval.....	28
Óglæsilegar horfur – kreppir að.....	28
Er framtíðin á Hvolsvelli? .....	29
Stórólshvolskirkja- fagur kirkjustaður .....	29
Mínum sorgargrát hefur þú snúið í dans .....	30

## "Við austur gnæfir sú hin mikla mynd"

Varla mun nokkur fara svo um Rangárvallasýslu að honum komi ekki til hugar Brennu-Njálssaga og helstu viðburðir hennar. Söguna sjálfa, Njálu, þekkja menn að vonum misjafnlega vel, en Hlíðarenda og Bergþórshvol kannast allir við, bústað vinanna Gunnars og Njáls, hetjunnar og spekingsins. Allt frá dögum þeirra hefur Rangárþing verið vettvangur mikilla atburða. Í þessu víðsýna héraði og víðlenda hafa löngum búið framtakssamir menn. Öll ströndin er lág og sendin, svo að öldur Atlantshafsins falla þar að með ægipunga oftast nær. Héraðið er hafnlaust og aldrei hafa verið uppi marktækar ráðagerðir um hafnargerðir, nema að fyrir landi Þykkvabæjar voru gerðar miklar mælingar á vegum erlendra aðila, sem aldrei voru opinberaðar.

Á láglandi sýslunnar er samfelld gróðurlendi svo langt sem augað eygir. Þetta gósenland var farið að þurrka upp í lok síðasta stríðs, en þá voru komnar mikilvirkar skurðgröfur og jarðýtur og bændur héraðsins létu ekki á sér standa við að breyta blautum mýrum í vel ræktuð tún. Í Fljótshlíðinni hefur löngum verið talinn einna frjósamasti jarðvegur á landinu. Síðan ræktunarbyltingin hófst hafa bændur í Rangárþingi verið framarlega í öllum búskaparháttum.

## Hvolsvallarkauptún - staður veðursældar

Sýslusjóður eignaðist Stórólshvolstorfuna af þeirri ástæðu að Björgvin Vigfússon sýslumaður kom fram með nýja hugmynd um héraðsskóla, sem hann ætlaðist til að ríkissjóður reisti, en sýslusjóðirnir rækju á þann hátt að unglíngarnir ynnu af sér skólagjaldið á stórbúi. Lög þar að lútandi voru samþykkt 1936, eftir að sýslumaður hafði lengi barist fyrir hugmynd sinni. Hið slétta og þurra mólendi, Völlurinn, átti eftir að þjóna öðrum tilgangi. Hvolsvöllur hefur reynst gott land til að reisa á því byggingar.

Svo segir meðal annars í greinargerð fyrir aðalskipulagi, sem gilda á til ársins 2010:

„Hvolsvöllur er byggðarkjarni, sem er mjög vel í sveit settur. Samgöngur eru ágætar við nágrennabyggðir, þéttbýlar sveitir Rangárvallasýslu og stór atvinnusvæði, sem verið hafa við virkjanir á hálendinu síðustu áratugi. Varanlegt slitlag er komið á hringveginn austur fyrir Hvolsvöll, sem enn hefur aukið við ágæt búsetuskilyrði á staðnum og í raun fært Hvolsvöll ennþá nær fjölmennum þéttbýlisstöðum á Suðvesturlandi og bætt vegasambandið við nærsveitirnar.

Á Hvolsvelli ríkir að jafnaði mikil veðursæld allan ársins hring. Þar er gott og hagkvæmt byggingarland, sléttlendi, og jarðvegur þurr og sendinn.

Bjallinn og Hvolsfjall þar upp af, eitt aðalsérkenni bæjarstæðisins, norður af Stórólshvolshvolsbænum, setur mikinn svip á bæinn, en Bjallinn gnæfir yfir byggðinni austanverðri. Landrými er nóg á Hvolsvelli og hefur sveitarstjórnin tryggt sér eignarréttindi. yfir nær öllu núverandi landi þéttbýlisins og sömuleiðis yfir því landi, sem nauðsynlegt er fyrir vöxt byggðarinnar næstu áratugina.

Við tilkomu hitaveitunnar 1982 hefur lífsafkoma íbúanna enn breyst til hins betra. Próun byggðar á Hvolsvelli hefur alla tíð verið háð atvinnumöguleikum. Kaupfélag Rangæinga hefur verið burðarás atvinnulífs á staðnum og er rekstur þess umfangsmikill og fjölbreyttur: Verslun, smáíðnaður og ýmis konar þjónusta. Á staðnum hafa einkafyrirtæki í smáíðnaði og verktakastarfsemi fest rætur.

Á Hvolsvelli eru bækistöðvar RARIK og Vegagerðar ríkisins og ferðamannaþjónusta af ýmsu tagi er vaxandi. Þar er og lögreglustöð og aðsetur sýslumanns Rangárvallasýslu." Landsbankinn hefur þar útibú og lítið hótél er á staðnum.

## Merkisárið 1930

Margt bar til tíðinda á Íslandi árið 1930 annað en þúsund ára afmæli Alþingis sem haldið var hátíðlegt á Þingvöllum og víðar í kaupstöðum og sýslum landsins. Árið 1928 til 1930 var mikið góðæriskeið á mælikvarða síns tíma. Alþingishátíðin á Þingvöllum blés í brjóst bjartar vonir og hugsjónir. Verulegar framkvæmdir höfðu orðið. Hótél Borg var opnuð. Þýska loftskipið Zeppelin flaug yfir landið. Stærsti barnaskóli landsins, Austurbæjarskóli í Reykjavík, var opnaður. Ríkisútvarpið tók til starfa svo og Landsspítalinn. Hafin var bygging Sundhallarinnar í Reykjavík og Þjóðleikhússins og lögð drög að byggingu Háskólans.

Laugarvatnsskóli var risinn af grunni, en lengi höfðu verið skiptar skoðanir um staðarval, hvar héraðs-eða alþýðuskóli skyldi byggður á Suðurlandsundirlendinu.

Það er mikið framfaraskið á Íslandi, en kreppuárin yfirvofandi með vinnudeilum og atvinnuleysi. Fáir landsmenn eiga bíla, en þó er kaupfélagsstjórinn í Hallgeirsey kominn á einkabíl, RÁ-20, af Ford gerð. Sigurður bóndi Árnason á Sámstöðum á næstum nýjan vörubíl. Sæmundur Úlfarsson í Fljótsdal á nýjan vörubíl af Chevrolet gerð, Kristinn Jónsson á Hrafnóftum hefur fengið sér sænskan bíl, en Þórður Bjarnason í Meiri-Tungu og Auðunn kaupmaður Ingvarsson í Dalsseli hafa báðir keypt sér Ford vörubíla, sem bera einkennismerkin L-23 og L-25. Á þessum bílum var Rangæingum ekið á Alþingishátíðina, í boddum", farþegaskýlum sem sett voru á vörupallana.

Nýjan bíl fékk sér og Ásgeir Jónsson í Hvammi í Landssveit. Víst voru nýir tímar. Það vottaði fyrir vélaöldinni, þótt enn mætti bíða einn og hálfan áratug eftir að hin mikilvirku tæki, jarðýtur og skurðgröfur, færu að breyta mýrum og mómum í græn tún. Landeyjasveitir, sem umflotnar voru vatnseig og vegleysum urðu á nokkrum árum að hinum bestu bújörðum.

## Húsvitjað á hátíðarári

Við komum að vestan á vordögum árið 1930. Alþingishátíðinni, sem haldin var í tilefni af 1000 ára afmæli Alþingis, er nýlega lokið og Íslendingar eru enn í hátíðarhug. Við erum stödd við Eystri-Rangá og byrjum að skyggjast um hér við brúna, sem byggð var árið 1914 undir yfirumsjón Geirs G. Zoega, sem varð vegamálastjóri þrem árum síðar. Við okkur blasir bærinn Djúpidalur, sem er hjáleiga frá höfuðbólínu, Stórolfshvoli. Þessi jörð var í eyði í aldarfjórðung frá aldamótum til ársins 1924, en þá flutti þangað Sigursteinn Þorsteinsson skósmiður og kaupmaður, með umboð fyrir stærstu skóverslun landsins, Lárus G. Lúðvíksson, sem rak stórglæsilega verslun Bankastræti þar sem síðar var Verslunarbankinn. Konan hans Sigursteins heitir Ingibjörg Guðrún Vigfúsdóttir og hjá þeim eru börnin þeirra, Sigríður og Alexander. Hús Sláturfélags Suðurlands eru hér á árbakkanum. Þau voru upphaflega byggð fyrir forgöngu sýslumannsins á Efra-Hvoli, Björgvins Vigfússonar, og þessi bárujárnshús þjónuðu hlutverki sínu í sex áratugi. Hér í Djúpadal er steypur pallur á árbakkanum þar sem hross voru mæld, en hrossasýningar og hrossamarkaðir voru meira en árlegir viðburðir á árunum fyrir stríð. Markaðsverðið á þjóðhátíðarári er í kringum 100 krónur, heldur lægra á hryssum en hestum, en gott þykir að fá andvirðið greitt út í hönd. Rangæingar hafa löngum verið miklir hestamenn, og bráðum tekur einn bólfestu hér austur í Vellinum, Ágúst Einarsson kaupfélagsstjóri,

og orð fer af fjölmörgum mönnum sem hafa næmt auga fyrir meðferð hesta. Einn af þeim er Sveinn Böðvarsson, bóndi á Uxahrygg, faðir Magnúsar, forseta borgarstjórnarinnar í Reykjavík.

Skammt austan við Rangárbrúna nýju, sem byggð var 1969, er hæðardrag. Úr því við ráðum veðrinu á þessum vordegi höfum við fjallabjart. Svo langt sem augað eygir til austurs er gróðurlendi, þurrt valllendi, og héðan er víðsýni til allra átta. Fjöllin norðan við byggðina uppsveitum Árnassýslu raða sér upp. Hekla gamla er í hánorðri, tigin í heiðríkjunni. Austan við hana koma Vatnafjöllin, Þríhyrningur og Árgilsstaðafjall, en norðar og austar er Tindfjallajökull, síbreytilegur og minnir á svissnesku Alpana, þótt þeir teygi sig hundruðum metra hærra til himins. Nokkru austar sjáum við hjarnbungur Mýrdalsjökuls og höfuðprýði Rangárpings, Eyjafjallajökul, sem skartar með sinn „silfurbláa tind“.

Áður en við höldum austur á bóginn liggur leið okkar eftir veginum til hægri, sem liggur niður með bökkum Eystri-Rangár og nefnist Móeiðarhvosvegur. Móeiðarhvoll er landnámsjörð, þar var lengi tvíbýli og alla tíð hefur þar verið vel búið. Bærinn stendur á lágum hól nærri ármótum Þverár og Eystri-Rangár. Lítum á hverjir búa þar 2. desember 1930. Skúli Thorarensen er húsbóndinn. Hann hefur lokið prófi frá Verslunarskólanum, er bæði sýslunefndarmaður og sveitarstjórnarmaður og á eftir að verða oddviti Hvolhreppinga. Kona hans er Ástríður Kjartansdóttir frá Þúfu í Vestur-Landeyjum. Sonur þeirra hjóna er Þorsteinn, menntaskólanemi. Hann á eftir að verða borgarfélagi í höfuðborginni og tengdafaðir Davíðs Oddssonar forsætisráðherra. Á bænum eru þrjár vinnukonur, Þuríður Sesselja Þorkeldsdóttir frá Markarskarði, Guðríður Björnsdóttir frá Stöðlakoti í Fljótshlíð og Júlíana Egilsdóttir úr Reykjavík. Vinnumennirnir eru tveir: Helgi Gíslason frá Kirkjubæ og Guðmundur M. Guðmundsson frá Ægissíðu, síðar kenndur við Rangá í Djúparhreppi, en í daglegu tali nefndur Guðmundur Max.

Í hinum bænum á Móeiðarhvoli býr hálfbróðir Skúla, Haraldur Thorarensen. Hans kona er Aldís Skúladóttir frá Keldum á Rangárvöllum. Hjónin hafa tvær vinnukonur, Þórunni Pálsdóttir frá Fróðholti og Ólöfu Gestsdóttir frá Suður-Nýjabæ. Sonur hennar er Þorsteinn Einarsson.

Á Móeiðarhvoli bjó Skúli Thorarensen læknir. Hann er sonur Vigfúsar sýslumanns Þórarinssonar á Hlíðarenda og var þingmaður Rangæinga um skeið. Hann er mikill búhöldur, höfðinglegur svo af ber, hraustur og drengilegur. Niðjar hans hafa sett svip á byggðir og mannlífið á Suðurlandi. Með síðari konu sinni, Ragnheiði, dóttur Þorsteins Helgasonar prests í Reykholti, átti Skúli Þorstein bónda á Móeiðarhvoli, Sigfús bónda að Hróarsholti í Flóa, Grím í Kirkjubæ, föður Egils, sem lengi var kaupfélagsstjóri á Selfossi og hans systkina. Einnig áttu þau Skúli og Ragnheiður Hannes, sem var fyrsti forstjóri Sláturfélags Suðurlands, Sigríði, sem giftist Jóni Árnasyni, hreppstjóra í Vestri-Garðsauka, Kristínu, sem giftist Boga lækni Péturssyni í Kirkjubæ, Steinunni sem giftist séra Magnúsi Helgasyni frá Birtingaholti, skólastjóra Kennaraskólans, Ragnheiði, sem giftist Matthíasi kaupmanni í Holti við Skólavörðustíg í Reykjavík, og Móeiði, sem giftist Ágústi bónda í Birtingaholti, sem var þekktur félagsmálamaður, formaður Kaupfélags Árneseinga og Sláturfélags Suðurlands.

Á þessu ári er enn í byggð Móeiðarhvolshjáleiga, sem ekki fór í eyði fyrr en á árinu 1946. Bærinn stendur á lítilli hæð á nyrðri bakka Þverár. Bóndinn heitir Jón Pálsson, frá Gaddstöðum í Rangárvallahreppi, og kona hans er Árný Ólína Sigurjónsdóttir frá Búðarhólshjáleigu Austur-Landeyjum. Þau hafa búið hér í tvö ár og eiga nýfædda óskírða stúlku.

Skammt ofan við Móeiðarhvoli eru tvö forn vöð á Rangá, Bátsvað og Bergvað. Langanes heitir landið á bökkum Rangár, en hvorki er Guðjón Ó. Guðjónsson né aðrir heiðursmenn búnir að byggja sér sumarhús þarna á bökkunum á þessu herrans ári. Það eru enn þrjátíu ár þangað til að vélaniður heyrist úti í Vellinum, plógur ristir upp mólendið og Stórolfsvallabúið hefur starfsemi sína. Norðan við bílveginn, sem síðar varð, eru gamlar hestagötur í röðum. Síðar koma þrjú snotur býli hér með þjóðbrautinni. Útgarðar, Sólheimar og Kornvellir. Það leynir sér ekki að þetta smáþýða lyngmóaland er gott til ræktunar. Enda eiga miklir ræktunarmenn eftir að koma til sögunnar hér.

Sunnan við þjóðveginn er Vestri-Garðsauki, en þá jörð átti Oddakirkja lengi. Húsbóndinn er Einar Einarsson, hreppstjóri í full fjörutíu ár og jafnlengi sveitarstjórn. Eiginkona hans er Þorgerður Jónsdóttir, hún er dóttir Jóns Einarssonar, hreppstjóra og „dannebrogsmanns“ frá Hemru í Skaftártungu, en fyrri kona Einars var Kristín Sigurðardóttir frá Þórunúpi. Tvö börn af fyrra hjónabandi hans eru þar til heimilis, Sigurður, seinna bóndi að Hólavatni í Austur-Landeyjahreppi og dóttir bóndans, eins og í manntalinu segir, er Sigríður, sem síðar giftist mjólkurfræðingi og fluttist til Noregs. Síðan kemur Jón, sem á yngri árum stundaði sjómennsku, en varð um 1940 bóndi í Garðsauka, maður ekki hversdagsleikans. Hressilegur í tali, mannþekkjari, víðlesinn og glöggur á hross. Alsystir hans er Kristín, sem á eftir að verða eiginkona Ragnars Jónssonar, sem síðar verður framkvæmdastjóri Verslunarfélags Vestur-Skaftfellinga og síðar skrifstofustjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Ingólfur Jónsson bróðir hans er enn ekki farinn að láta til sín taka. Hann hefur nú lokið námi í Hvítárbakkaskóla. Seinna verður hann framkvæmdastjóri K.F. Þórs á Hellu, alþingismaður, viðskiptamálaráðherra, landbúnaðar- og samgöngumálaráðherra. Atkvæðamikill maður á Suðurlandi og meðal þjóðarinnar.

Hjá móðursystur sinni í Vestri-Garðsauka dvelst Bjarni Einarsson, efnismaður, sem fórst með togara í byrjun stríðsins, og hér er líka fóstursonur hjónanna, Ingimundur Þorkelsson frá Markarskarði. Vinnukonur eru Guðrún Runólfsdóttir frá Skálmarbæ í Álftaveri og María Þórðardóttir frá Lambalæk í Fljótshlíð. Fleira fólk er og þarna til húsa.

## Landnámsmaðurinn í Hvolsvelli

Það er einmitt hér í Vestri-Garðsauka, sem við sjáum í manntalinu fyrsta íbúann í Hvolsvallarkauptúni, hann er raunar enn með heimilisfang sitt að Miðey í Austur-Landeyjum, en hingað kom hann í haust. Hann snéri lyklinum að útidyrum „ gömlu búðarinnar“ þann 1. október. Hann heitir Ísleifur Einarsson, skráður við verslun. Hann er fæddur 7. september 1896 og á eftir að byggja þriðja húsið sem reis í högunum frá Stórolfshvoli og nefnir það Ingólfshvol. Hann er enn ógiftur, en eiginkona hans verður Þorgerður Diðriksdóttir frá Eyrarbakka. Þeirra sonur er Birgir Ísleifsson fæddur 5. október 1937, fyrsta barnið sem fæðist í Hvolsvelli. Hann varð seinna deildarstjóri í matvörubúð Kf. Rangæinga.

Það er ekki langt til næsta bæjar. Í Miðkrika heitir húsbóndinn Jóhann Þorkelsson frá Miðkoti í Vestur-Landeyjum. Kona hans er Valgerður Guðmundsdóttir, hún er frá Garðsaukahjáleigu hér í sveit. Börnin þeirra eru sjö og öll heima. Þau heita: Sigurður, Guðmundur, Þorkell, Jónína, Elísabet, Pálmi og Valgerður.

## Stór staður

Eystri-Garðsauki var stór staður í héraði allt fram að síðasta stríði. Þar var pósthús, símstöð og verslun, einnig var þar til húsa Sparisjóður Rangárvallasýslu. Bóndinn þar á bæ var fyrsti Rangæingurinn, sem eignaðist bíl og lét skrá hann í sýslunni. Það gerðist á vordögum 1919. Þetta var Ford blæjubíll, fimm manna, skráður RA-1.

Á þessum þá þekktu stað er þetta heimilisfólk þegar séra Erlendur Þórðarson í Odda tekur manntalið á þjóðhátíðarárinu: Sæmundur Oddsson, afabróðir Davíðs Oddssonar forsætisráðherra. Hann fæddist að Sámstöðum Fljótshlíð. Kona hans er Steinunn Bjarnadóttir ljósmóðir frá Sandaseli í Meðallandi. Börnin sem heima eru: Steinunn, Guðrún Oddbjörg. Bjarni, sonur bóndans, og Óskar, sonarsonur hjónanna.

Nú er á jörðinni fátt sem minnir á forn umsvif. Jörðin hefur fyrir löngu verið lögð undir nágrannajörðina, Götu. Þegar Sæmundur borgari Oddsson brá kíkinum sínum fyrir augun og leit til vesturs var ekkert að sjá þar sem nú er Hvolsvallarbyggð, annað en eitt hús í byggingu, gömlu kaupfélagsbúðina. Að vísu er kominn bensíntankur frá B.P., hann var fyrsta mannvirkið á Hvolsvelli.

Um áramótin 1947 til 1948 var gerð eignakönnun hér á landi. Með því átti að króa þá af, sem ekki höfðu talið rétt fram á stríðsárunum. Seðlaskipti fóru fram þá um áramótin og fengu menn nýja seðla í stað þeirra gömlu. Sparisjóður Rangárvallasýslu, sem var staðsettur í Eystri-Garðsauka, annaðist seðlaskiptin. Óskar, sonur Sæmundar, annaðist þau.

Gamli vegurinn að Dufþaksholti, en bærinn er í daglegu tali nefndur Dufþekja, lá frá Eystri-Garðsauka beint niður að Þverá og svo vestur með bökkum hennar. Nýi vegurinn, sem liggur beint frá brúnni upp að símstöðinni var gerður á árunum frá 1940 til 1944. Fjögur ár tók að gera hann akfæran, þó er hann ekki nema þrjú kílómetrar að lengd. En við erum á leið niður að Dufþaksholti í byrjun jólaföstu 1930. Það eru enn tvö ár þar til fyrri brúin á Þverá er byggð, en þarna er vað á ánni, Hemluvað, sem stundum var stíkað vegna sandbleytu í ánni.

Bæirnir í Dufþekju eru tveir. Í Dufþekju I er húsbóndinn Ólafur Magnússon og húsmóðirin Halla

Þorsteinsdóttir. Sonur þeirra hjóna er Magnús Ólafsson, sem síðar verður bóndi hér á bæ. Systur hans eru tvær, Guðrún Jónína og Sigríður. Fósturdóttir þeirra hjóna er Guðríður Þorkeldsdóttir frá Markarskarði. Vinnukonan heitir Margrét Gunnarsdóttir og vinnumaðurinn er Árni Þorleifsson frá Miðhúsum.

Við knýjum dyra í Dufþekju II. Húsbóndinn þar er Bárður Bergsson. Hann fluttist hingað 1927 frá Hraunbæ í Álftaveri, en er fæddur að Múlakoti í Hörgslandshreppi. Kona hans er Guðlaug Jónsdóttir frá Steinsmýri Meðallandi. Börnin þeirra eru fimm og heita: Jónína, Bergur, Einar og Steinunn Jóna, en drenginn, sem fæddist um Jónsmessuleytið í vor, er ekki búíð að skíra. Vinnumaðurinn heitir Jón Bergsson og matvinnugur er hér sem Sigríður heitir, fædd að Ennisbökkum undir Eyjafjöllum. Einnig er húskona, sem heitir Steinunn og er Sveinsdóttir. Hún starfar við vefnað og spilar Stórolfshvolskirkju. Með henni er Ólafur Konráð Sveinsson, seinna kenndur við Butru í Fljótshlíð, síðar rafvirki og athafnamaður í Reykjavík, sonur Sveins bónda á Uxahrygg og Ólafar Halldórsdóttur, húsmóður að Butru í Fljótshlíð.

Frá Dufþekjubænum er heillandi að horfa inn til Fljótshlíðarinnar, Eyjafjallanna, Þórsmerkur, Mýrdals- og Eyjafjallajökuls, og Vestmannaeyjar eru tígulegar við hafsbrún. Hérna rétt fyrir austan okkur er Lambey í Fljótshlíðarhreppi, hólmi í Þverá. Þar eru haldin íþróttamót annað hvert ár, hitt árið að Kanastaðabökkum Austur-Landeyjahreppi. Þá keppa U.M.F. Dagsbrún og U.M.F.

Þórsmörk. Á íþróttamótum má sjá stór tjöld, þar sem kvenfélagskonur hita kaffið á prímusum. Kaffið selja kvenfélagskonur ódýrt og láta andvirðið renna til góðgerðarstarfsemi, oft sjúkrasamlaganna. Svo hefst dansinn í grænu grasi. Svellandi harmónikumúsík og söngur, ekkert síður úti í hestagirðingunni. Í hnakktöskunni geyma menn vínið sitt, sem ekki ber nein framandi frönsk nöfn. Þetta var heimabruggað á bannárunum. Menn voru ekki ráðalausir með þessar þarfir fremur en aðrar á árunum áður en velsæld varð almenn.

Gleði raskast vantar vín  
verður brask að gera,  
ef að taskan opnast mín  
á þar flaska að vera.

Þessa stöku mátti oft heyra sungna raddaða á kreppuárunum. En máske nær stakan hans Friðriks Hansen á Sauðárkróki ekki síður þessari stemmingu löngu horfins tíma:

Aldrei kveldar, ekkert hóm,  
eilíf sýn til stranda,  
enginn tími ekkert rúm,  
allar klukkur standa.

Í Lambey var þingstaður og þar var Árni Þórðarson dæmdur og tekinn af lífi.

Þverá skiptir löndum milli Vestur-Landeyja og Hvolhrepps. Fyrri brúin á Þverá var byggð 1932. Það var trébrú og var hún gerð fyrir lánsfé frá Rangæingum og sýslusjóði héraðsins.

## „Harður ertu, Jón minn.”

Skeið heitir eyðijörð hér sunnan við Þverá og tilheyrir Hvolhreppnum. Þar eru engin tún, en víðáttumikil engja- og beitolönd. Jörðin fór í eyði árið 1905. Um 1750 gerðu ránsmenn þar húsbrot og rændu verðmætum. Þeir hétu Jón og Eiríkur og voru undan Eyjafjöllum. Síðar voru þeir fangaðir og dæmdir til dauða af Þorsteini Magnússyni sýslumanni á Móeiðarhvoli og hengdir í Lambey, en þar var þá leiðarþing fyrir austurluta sýslunnar. Sú sögn lifir að venja hafi verið að gefa þeim manni líf, sem svo væri frækinn að komast þrisvar á gálgatré. Þegar þeir Jón og Eiríkur skyldu hengdir var maður nokkur viðstaddur sem Jón hét. Hann var svo ákafur að hann hrakti Eirík jafnan af trénu og hékk að lokum í honum svo að aftökunni var fullnægt. Sýslumanni þótti nóg um og sagði svo að vel mátti heyra: „Harður ertu, Jón minn.”

## Haldið upp að höfuðbólínu Stórólshvoli

Húsaröð á láum hjall. Íbúðarhús með brotnu þaki en samskonar íbúðarhús eru að Barkarstöðum, Breiðabólstað og víðar á betri bæjum hér í sýslu og einnig í Árnessýslu. Vestan við íbúðarhúsið er Apótekið þar sem fást hoffmannsdropar, verk- og vindeyðandi, jöð, brennsluspritt og lýsól. Kreósót



var gott við kvefi ásamt kamfórudropum. Vissulega fæst þarna margt annað lyfja, en þetta eru þau sem oftast heyrast nefnd meðal fólksins.

Stórólshvoll ber nafn Stórólfs Ketilssonar hængs, en Ormsvöllur var smábýli hér litlu sunnar, þar sem Ormur Stórólfsson á að hafa þreytt með biturri egg einn frægasta orfaslátt sem um er getið í sögu landsins.

Á Stórólshvoli bjuggu Oddaverjar á 13. öld. Síðar var þar löngum sýslumannssetur. Í landi þessarar jarðar er Hvolsvallarkauptún, sem við skoðum síðar og athugum hvernig uppbyggingin þar hefur þróast. Sýslusjóður Rangárvallasýslu lét reisa hér sjúkraskýli, sem raunar alltaf var kallað Spítalinn. Það var árið 1917. Í því voru tvær sjúkrastofur, skurðstofa, herbergi fyrir hjúkrunarstúlkur, vatnssalerni og í kjallaranum var þvotta- og líkhús. Sjúkraskýlið var reist að baki læknisbústaðarins, en steinsteypt göng lágu frá spítalanum inn í bústað héraðslæknisins, þar sem öll matargerð fór fram. Spítalinn var notaður framundir 1944, en þá var hann rifinn til grunna. Rangæingar hafa borið virðingu fyrir læknum sínum. Eldri menn í héraðinu sögðu hetjulegar sögur um erfið ferðalög á hestum. Allt til ársins 1932 þurftu Landeyingar og Eyfellingar að fara yfir óbrúuð vötn til að vitja læknis. Sögur voru sagðar um dauðvona fólk, sem skorið var upp við frumstæð skilyrði og fékk hestaheilsu.

Engjalönd frá Stórólshvoli voru í nokkurra kílómetra fjarlægð, á Þverárbökkum, sunnar Dufþaksholts. Héraðslæknir fór oft á engjar með fólki sínu. Ef komið var til að vitja lækni meðan doktorinn var á engjum var farið upp á Bjallann, sem er ofan við læknisbústaðinn á Stórólshvoli, og breitt þar hvítt lak. Það voru fjarskipti þeirra tíma. Þegar lakið sást neðan af engjunum var það merki þess að þörf væri á að héraðslæknirinn kæmi heim. Tók hann þá hnakk sinn og hest og spretti úr spori.

Við húsvitjum hér í byrjun desember 1930. Húsbóndinn heitir Helgi Jónasson, og er héraðslæknir í allri sýslunni. Hann er Rangæingur í húð og hár, fæddur að Reynifelli í Rangárvallahreppi 19. apríl 1894. Hann hefur verið hér í sjö ár með mikilli sæmd. Hann er duglegur ferðamaður, en undir hann þarf trausta hesta og sterkbyggða, því maðurinn er mikill á velli og þungur. Hann á eftir að verða alþingismaður Rangæinga, en það verður hann fyrst sjö árum síðar, eða árið 1937. Konan hans heitir Oddný Guðmundsdóttir frá Bakka í AusturLandeyjum. Hún er útlærð hjúkrunarkona og hefur dvalist í Danmörku við nám og störf. Hún er mikilsvirt kona, stór persónuleiki, víðlesin og fjölfróð. Þau hjónin eiga fjóra syni, Jónas, Helga, Hrafnkel og Sigurð. Þeir eru nú frá eins til sex ára. Í dvöl sem matvinnungur er Ingunn Eiríksdóttir, 80 ára gömul. Hún er frá Litlagerði hér í sveit. Guðjón Helgi Jónsson er vinnumaður og hefur verið hér í tvö ár. Sigríður Illugadóttir er ein af vinnukonunum og sonur þeirra, Jón, er einnig skráður vinnumaður. Þá er skráð sem vetrarstúlka Guðbjörg Daniella Jónsdóttir frá Króktúni, svo er og með Ingileifu Þóru Steinsdóttur, sem síðar verður húsfreyja að Stóra-Kollabæ. Einnig er hér hjúkrunarkonan, Ragnhildur Árnadóttir, komin úr Vestmannaeyjum, en fædd að Moldnúpi undir Eyjafjöllum.

Við göngum næst inn í Spítalann og þar hittum við fyrir sjúklingana: Sigríði Sigurðardóttur frá Beigalda í Borgarfjarðarsýslu, nú til heimilis að Efri-Rotum í Vestur-Eyjafjallahreppi, Guðrúnu Jónsdóttur frá Sumarliðabæ í Ásahreppi, Laufeyju Ólafsdóttur frá Álftarhóli í Austur-Landeyjahreppi og Guðmund Tyrfingsson frá Parti í Ásahreppi. Næturgestur er Magnús Jónsson frá Selalæk, faðir Sigurðar A. Magnússonar rithöfundar, og annar næturgestur er Jósef Jónsson til heimilis í Reykjavík. Synir læknishjónanna á Stórólshvoli eiga eftir að gegna ýmsum störfum: Jónas var lengi mjólkurbílstjóri, síðar póstur. Helgi lögfræðingur og síðar stýrimaður. Hrafnkell yfirlæknir á

Vífilsstöðum, en Oddný móðir hans hafði um 1920 kynnt sér starfsemi berklavarnarstöðva í Kaupmannahöfn, Óðinsvéum og Stokkhólmi. Yngsti bróðirinn, Sigurður Helgi varð skrifstofustjóri á Skrifstofu Ríkisspítalanna.

## Víðsýni

Uppi á Moshvolsásnum, þar sem hann Kristmann Grétar Óskarsson byggði síðar sumarhús, var lítið býli sem nefndist Sunnhvoll. Húsbóndinn þar er Einar Jónsson, söðlasmiður. Hann kom frá Reykjavík fyrir tveimur árum. Hann er fæddur að Há koti á Álftanesi, sonur hans er Árni Hólm og bústýra Sigríður Sveinsdóttir.

Héðan er útsýni um mikinn hluta Suðurlandsundirlendisins frá Reykjanesskaga að Seljalandsmúla og inn eftir Markarfljótsdalnum. Varla er víðsýnna annars staðar á Íslandi. Litli Moshvoll heitir bærin fyrir neðan okkur í fríðu dalverpi, þar er bóndi Gunnar Guðmundsson. Hann er kominn hingað frá Kirkjubæ á Rangárvöllum fyrir þrjátíu og fjórum árum. Konan hans heitir Guðrún Eiríksdóttir og er frá Geldingalæk í Rangárvallahreppi. Börnin eru sex og heita: Guðmundur, Guðlaug, Guðmundur, Guðni Eiríkur, Þóra og Jónheiður.

Á Stóra-Moshvoli býr Helgi Sigurðsson, hann kom á árinu 1930 frá Heylæk í Fljótshlíð, en kona hans er Sigurlín Bjarnadóttir frá Hruna í Hörgslandshreppi. Hjá þeim er Svanhildur Sveinsdóttir frá Grjótá í Fljótshlíð og Guðbjörg Guðnadóttir frá Stóru-Hildisey í AusturLandeyjum.

Að Vindási býr Sigurður Gíslason. Hann er frá StóraHofi á Rangárvöllum, en kona hans er Margrét Gísladóttir frá Fljótshólum. Hjá þeim eru þrír synir þeirra: Gísli, Árni og Ólafur. Sigurður á Vindási er einatt aðstoðarmaður héraðslæknisins við aðgerðir á Spítalanum.

Í Langagerði býr Gísli Gunnarsson frá Torfastöðum Fljótshlíð. Kona hans, húsfreyjan hér á bæ, er Guðrún Halldórsdóttir frá Kotmúla í sömu sveit. Hjá þeim dveljast synirnir þrír, Halldór, Hjörleifur og Ingólfur og dótturdóttir hjónanna er á bænum, Hulda Sigurlásdóttir. Hún verður síðar eiginkona Einars Árnasonar rafvirkjameistara, sem lengi var í sveitarstjórn og rekur nú, 1993, fyrirtæki sitt í Hvolsvelli, Þrjónaver. Fósturbarn er á bænum, Ingibjörg Sveinsdóttir, hún á eftir að verða húsmóðir að Minna-Hofi í Rangárvallahreppi eiga fyrir eiginmann Magnús Ingvarsson bónda.

Á Brekkum er enn tvíbýli. Húsbóndinn á Brekkum I er Halldór Páll Jónsson, hann á síðar eftir að verða bóndi Króktúni. Þekktur hressilegheitamaður. Sambýliskona hans er Jónína Katrín Jónsdóttir og hjá þeim dvelst fimm ára gamall sonur hennar, Óskar Karelsson, sem síðar byggir nýbýli í landi Miðhúsa og nefnir það Miðtún. Á Brekkum I er líka skráður sem bóndi Guðjón Jóngeirsson, sem er trésmiður og smíðar meðal annars innan í vagnhjól fyrir nágannana. Kona hans er Guðbjörg Guðnadóttir ættuð úr Austur-Landeyjum, en áður höfðu hjónin búið að Guðnastöðum þar í sveit. Hjá þeim er sonur þeirra Bogi Pétur.

Leigjandi þrjónakona er á bænum sem heitir Jórunn Sigríður Magnúsdóttir og með henni er dóttir hennar Júlía Árnadóttir. Jórunn á síðar eftir að verða hjúkrunarkona á Spítalanum á Stórolfshvoli og afla sér þar mikilla vinsælda.

Á Brekkum II býr Guðni Guðjónsson með konu sinni Jónínu Guðmundu Jónsdóttur. Börnin þeirra heita: Valgerður, Ingólfur, Guðni Björgvin, Ágústa, Haraldur og á þessu ári hefur þeim hjónunum

fæðst sonur, sem enn er óskírður, en hlýtur síðar nafnið Gunnar. Guðni Björgvin á eftir að verða kaupfélagsstjóri á Eskifirði og í Vestmannaeyjum, og síðar aðstoðarkaupfélagsstjóri á Selfossi.

Vindás, Giljur og Langagerði er bæjaröð í hallandi túni og eiga þeir kirkjusókn að Breiðabólstað, en svo skrátið sem það er á Langagerði annað hvert ár kirkjusókn að Stórolfshvoli.

Á Brekkum bjó mörgum árum síðar Örn Johnson framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands og síðar Flugleiða. Örn var einn af fyrstu flugmönnum íslenskum sem höfðu flugið að atvinnu.

Á Giljum býr Guðlaugur Bjarnason, hann fluttist hingað fyrir kremur árum úr Reykjavík. Konan hans heitir Láretta Sigríður Jónsdóttir. Hún er frá Saltvík á Kjalarnesi. Guðlaugur á gamlan Ford-vörubíl, sem skráður er RÁ-4. Hann ók á honum með löng tré, þegar Þykkbæingar stífluðu Djúpós um árið. Guðlaugur ók vörubílum í meira en hálföld, fyrir Helga á Rauðalæk, Ingólf á Hellu og síðari árin fyrir Mjólkurbú Flóamanna. Börnin þeirra hjóna heita Sigmar, Björgvin, Smári og Bjarni, en dóttir er enn óskírð. Hún fær síðar nafnið Fjóla og verður einn af frumbyggjum Hvolsvallarkauptúns með manni sínum, Ottó Eyfjörð bílstjóra.

Sunnan þjóðvegur eru miklar mýrar, lítillaga hallandi niður að Þverá. Hátt uppi í grösugum brekkum stendur bærinn Uppsali, austasti bærinn í sveitinni. Lítil lækjarspræna og kekkjagarður með gaddavírgirðingu eru landamerkin milli Fljótshlíðar og Hvolhrepps. Hér lét Ketill hængur staðar numið í landnámi sínu. "Hann nam Hvolhrepp allan til lækjar þess, sem fellur utan Breiðabólstaðar", svo vitnað sé í Landnámu. Bóndinn hér í burstabænum heitir Tómas Tómasson, hann er frá Arnarhóli í Vestur-Landeyjahreppi. Húsmóðirin heitir Guðrún Jónsdóttir og er frá Giljum hér í sveit. Synir þeirra hjóna eru Þrír, Jón, Guðmundur Óskar og Elías. Hér er Líka Magnús, bróðir húsfreyju, og Steinunn, systir hennar. Þá er hér og til heimilis Magnús Magnússon úr Reykjavík, hann er ekki skyldur heimilisfólkinu hér á bæ og er öryrki.

Við snúum hér við og förum aftur til baka að litlu húsi við vegamót Fljótshlíðarvegur og Vallarvegur. Það er ekki enn búið að byggja upp í Tjaldhólum, það gerir Ágúst kaupfélagsstjóri Einarsson síðar. Í mýrarsundinu austan við Vallarveginn er mikil og góð mótekja, 12 til 24 skóflustungur. Fljótshlíðingar koma hingað enn til að taka upp góðan mó, og stundum heyrir hreppurinn okkar nefndur Móhreppurinn, en sveitin er enn fámenn og fátæk, þótt nokkrir góðbændur standi vel upp úr.

Í manntalinu frá því í desember 1930 er litla húsið hér við vegamótin nefnt Bilskúr. Þar býr Eyjólfur Finnbogason frá Útskálhamri í Kjós. Konan hans heitir Guðrún Þórðardóttir frá Uppsölum við Seyðisfjörð vestra. Þau hjónin eru úr Reykjavík og hér er afgreiðsla fyrir Bifreiðastöð Reykjavíkur, B.S.R, sem hefur áætlunarferðir frá Reykjavík austur í Fljótshlíð. Börnin hér eru fjögur og heita: Halldór, Finnbogi og Þórður og hér er nýfædd stúlka, óskírð, en fær nafnið Erla.

Síðar fær þetta hús nafnið Sunnuhvoll og þar verður húsráðandi Einar Jónsson söðlasmiður með ráðskonu sinni, Sigríði Sveinsdóttur. Hann flytur með sér bæjarnafnið af Moshvolsásnum. Einar verður um margra ára skeið kirkjuhaldari Stórolfshvolskirkju og hefur mikla og góða söngrodd, en hann hafði sungið í kór Dómkirkjunnar í Reykjavík áður en hann fluttist austur.

Skammt vestan við Sunnuhvol er jörðin Gata. Þar býr Ólafur Jónsson. Hann er frá Krossi í Austur-Landeyjum og konan hans heitir Ástríður Guðmundsdóttir frá Hemlu. Fósturdóttir þeirra hjónanna er Ragnhildur Ásta Guðmundsdóttir úr Vestmannaeyjum. Hún verður síðar ljósmóðir í Hvolhreppnum

og á eftir að taka á móti mörgum börnum, farsæl í störfum sínum. Mörgum af þeim konum og körlum sem síðar byggðu upp Hvolsvallarkauptún hjálpaði hún til að komast í heiminn.

Við vesturenda Hvolfsfjalls stendur bærin Þinghóll. Túnin halla á móti suðri. Bóndinn á bænum heitir Sigurður Sveinsson, hann á seinna eftir að verða tengdafaðir Binna í Gröf, sægarpsins mikla í Vestmannaeyjum. Kona Sigurðar heitir Jóhanna Jónsdóttir og börnin Sigríður, Ólafur Jón, Svanhvít Svava og Einar. Frá Þinghóli er skammt að barnaskólanum í Kornhúsum, sem byggður var 1927, en íbúðarhús skólastjórans rís ekki af grunni á þessu fallega bæjarstæði fyrr en 1934. Héðan blasir við augum kirkjan. Hún er einmitt byggð á þessu þjóðhátíðarári af dugnaðarmönnum innan úr Fljótshlíð undir yfirstjórn Guðmundar Þórðarsonar frá Lambalæk. Sá sem stendur á kirkjutröppunum á Stórólshvoli sér ekkert hús þar sem síðar rís Hvolsvallarkauptún nema nýtt bárujárnsklætt verslunarhús, sem sömu smiðir unnu að í sumar og byggðu kirkjuna snotru, sem síðar á eftir að vaka yfir vaxandi byggð.

Í hallanum sunnan í Hvolfsfjalli standa bæirnir Miðhús og Efri-Hvoll. Við komum fyrst að Miðhúsum. Bóndinn þar heitir Salómon Bárðarson. Hann er Hvolhreppingur í húð og hár, fæddur í Móeiðarhvolsnorðurhíaleigu. Konan hans heitir Þorvaldína Elín Þorleifsdóttir, hún er innfædd eins og bóndinn. Börnin þeirra heita Kristín og Gunnar Bragi. Þá eru hér til húsa foreldrar húsfreyjunnar, Þorleifur Nikulásason og Kristín Þorvaldsdóttir.

## Rausnargarður héraðshöfðingja

Héðan er ekki langt upp að sýslumannssetrinu Efra-Hvoli. Reisulegt, stílhreint og virðulegt timburhús með kvisti snýr framhlið á móti suðri. Hér hafa þau sýslumannshjónin gert garðinn frægan í meira en tvo áratugi það eru enn sex ár þar til hinn velviljaði sýslumaður lætur af störfum. Húsviðnum var skipað upp í Hallgeirseyjarsandi í þetta myndarlega hús og viðir þess fluttir á milli 20 og 30 hestvögnum hingað heim í garð. Húsbóndinn hér hefur látið mörg framfaramál til sín taka, vega- og brúargerðir, símamál og raforkumál. Menntamál voru honum og brennandi hugðarefni.

Yfir heimili hjónanna á Efra-Hvoli hvíldi ljómi, hjónin bæði gædd velvilja og hjartahlýju, þar sem gestir fundu sig koma í rausnargarð. Við húsvitjum á þessu myndarlega heimili. Sýslumaðurinn, Björgvin Vigfússon, er fæddur að Ási í Fellum, en kom hingað frá Höfðabrekku í Mýrdal með eins árs dvöl að Stórólshvoli. Kona hans er Ragnheiður Ingibjörg Einarsdóttir, systir Magnúsar dýralæknis. Hún er fædd að Höskuldsstöðum í Breiðdal. Börn þeirra hjóna eru þrjú á lífi: Páll, skrifari og fulltrúi hjá föður sínum.

Hann á eftir að verða oddviti í sveitinni og sinna af mikilli samviskusemi ótal félagsmalastörfum, meðal þeirra að beita sér fyrir byggingu félagsheimilisins Hvol. Helga Guðríður, sem síðar verður kona Þórarins Þórarinssonar skólastjóra á Eiðum. Yngri systirin heitir Elísabet og hennar maður verður Þorlákur Helgason verkfræðingur.

Einhverju sinni kom Guðmundur skáld Friðjónsson að Efra-Hvoli og skrifaði svohljóðandi vísu í gestabók Elísabetar:

Fífill hallast fjólu að  
frjálst að nótt sem degi,  
en þöngulhaus úr þarastað  
þiggja vill hún eigi.

Skáldið mun heldur hafa viljað að hún giftist bónda en útgerðarmanni.

Páll oddviti eignast síðar fyrir eiginkonu Ingunni Sigurðardóttur frá Tóftum í Stokkseyrarhreppi, en þeirra dætur verða kennararnir Ragnheiður og Helga.

Höldum áfram með heimilisfólkið að Efra-Hvoli. Þar er og sýsluskrifari, Jóhannes Erlendsson, sem spilar í kirkjunni á Stórólshvoli við messugerðir. Hann er fæddur að Brekku í Þingi. Sýslumannshjónin eru að ala upp stúlku, þeim óskylda, hún heitir Sesselja Jónasdóttir og er frá Helluvaði í Rangárvallahreppi. Eiginmaður hennar verður síðar 'Arni Daníelsson verkfræðingur sem annaðist eftirlit með byggingu orkuversins við Ljósafoss 1935-1937. Vinnumennirnir eru tveir, Stefán Sigurðsson frá Syðri- Skál í Köldukinn og Guðmundur Halldór Gunnarsson frá Litla-Moshvoli hér í sveitinni. Hann er skráður sem daglaunamaður. Vinnukonurnar heita Unnur María Magnúsdóttir frá Vestmannaeyjum, Jóhanna Jónsdóttir og Ingibjörg Bergvinsdóttir.

## Ofar sléttlendinu

Í aflíðandi brekku norðaustur af Efra-Hvolsbænum er Þórunúpur. Land jarðarinnar er á hreppamörkum Fljótshlíðar og Hvolhrepps, þar sem Þríhyrningur skipar virðulegan bakgrunn. Húsbóndinn heitir Sigfús Sigurðsson, hann er barnakennari í sveitinni og gengur daglega á vetrin niður í Hvolsskóla að Kornhúsum, þótt stinghaltur sé. Hér hefur hann rekið bóksölu síðan 1919. Hann er félagsmálamaður, formaður Búnaðarfélagsins. Hann er í hreppsnefndinni og á eftir að verða oddviti sveitarinnar, formaður Kennarafélags Rangárvallasýslu með meiru. Afi hans er Sighvatur Árnason frá Eyvindarholti, sem var alþingismaður Rangæinga um skeið, síðar bókavörður við Alþýðubókasafn Reykjavíkur. Konan hans Sigfúsar heitir Sigríður Anna Elísabet Nikulásdóttir frá Kirkjulæk. Nikulás faðir hennar var líka kennari, bæði í Þykkvabænum og Fljótshlíðinni, og stundaði jafnframt lækningar. Börnin hér á bæ eru: Kristín Guðríður, Ragna Valgerður, Sigríður Hrefna, Nikulás Þórir, síðar forstöðumaður Hjartaverndar í Reykjavík, en hann verður sérfræðingur í hjartalækningum. Móðir húsfreyjunnar er á bænum og heitir Ragnhildur Guðrún Pálsdóttir. Hún er systir prófastsins, sem lengi var prestur og prófastur á Breiðabólstað. Þau voru fædd að Meðalfelli í Kjós. Ekki má gleyma vinnumanninum, Tistran Ásmundssyni, hann er frá Ófeigsstöðum í Kinn í Suður-Þingeyjarsýslu.

Héðan er ekki langt að Kotvelli, yfir grasigróinn þýfðan háls og niður hallanda að fara. Bóndinn hér á bæ heitir Sveinn Sveinsson, fæddur að Fljótum í Vestur-Skaftafellssýslu. Húsfreyjan heitir Helga og er Jónsdóttir, fædd að Velli hér í sveit. Börn þeirra hjónanna eru tvö, Helga og Ágúst Hermann, sem á eftir að verða bóndi hér á bæ.

Héðan er stutt að Markarskarði. Bóndinn þar heitir Þorsteinn Runólfsson. Hann er fæddur að Köldukinn Holtahreppi. Húsfreyjan heitir Guðrún og er Ingvarsdóttir, fædd að Kálfholti í Áhreppi, en hjónin komu hingað frá Heiði í Rangárvallahreppi. Sonur þeirra heitir Ingvar Pétur og á eftir að verða bóndi hér á bæ, en faðir húsmóðurinnar er hér á bænum og heitir líka Ingvar Pétur, fæddur að Austvaðsholti í Landmannahreppi. Bróðir húsmóðurinnar er einnig hér til heimilis, hann verður síðar trésmíðameistari í höfuðborginni.

Ekki er löng leið héðan upp að Árgilsstöðum. Húsbóndinn heitir Bergsteinn og er Ólafsson. Hann er fæddur hér á bæ. Þórunn heitir konan hans. Hún er frá Kanastöðum í Austurlandeyjahreppi. Ólafur

heitir sonur þeirra hjónanna, hann verður síðar bóndi hér og einn mesti skógræktarmaður héraðsins. Annar sonur hjónanna heitir „Ísleifur Kani, svo og er bróðir bóndans hér heimilisfastur og heitir Finnbogi.

Annar bær er hér í þessu fagra bæjarstæði, Árgilsstaðir II. Húsbóndinn heitir Arngrímur og er Jónsson, ættaður frá Ægissíðu í Ásahreppi. (Það eru enn sex ár þar til hreppnum er skipt, en við skiptinguna tilheyrir Ægissíða Djúpárhreppi). Húsmóðirin heitir Petrún Stefanía Marteinsdóttir og er frá Norðfirði. Engin kona í þessari sveit er eins létt í gömlu dönsunum og húsfreyjan hér á bæ. Guðrún heitir heimasætan á bænum, hún er enn ekki nema hálfárs gömul. Hér er og bróðir húsfreyjunnar og heitir Reimar. Þá er hér systir húsbóndans, Ingibjörg að nafni, hún verður síðar húsfreyja að Gaddstöðum í Rangárvallahreppi, en land þeirrar jarðar féll undir skipulag Hellukauptúns. Eiginmaður Ingibjargar verður síðar Bjarni Guðmundsson frá Háamúla í Fljótshlíðarhreppi.

## Fornt bæjarnafn

Nú færum við okkur niður hallandi gróðurlendi að þeim bæ sem var í upphafi í landnámi Ketils hængs. Upphafsorð Brennu-Njálssögu hljóða svo: „Mörður hét maður, er kallaður var gígja. Hann var sonur Sighvats hins rauða. Hann bjó á Velli á Rangárvöllum." Á Velli sátu fyrir á árum sýslumenn Rangárvallasýslu og má þar nefna Bonnesen og Hermann Johnsson sem þar andaðist 1894. En 1930 er bóndinn hér á bæ Gunnar Jónsson. Hann kom hingað frá Kirkjubæ á Rangárvöllum fyrir þrjátíu og tveimur árum. Konan hans heitir Jónína Þorkeldsdóttir og er frá Óseyrarnesi Árnassýslu, frændkona Ásgeirs, sem lengi var skipstjóri á Esjunni, og Salóme forseta Alþingis. Börn þeirra hjónanna eru: Sigurjón, skráður trésmiður, seinna bóndi að Bakkavelli, Viktoría, Sigurður og Jón Valur, sem seinna verður bóndinn hér á bæ. Signý A. Magnúsdóttir er næturgestur. Hún er frá Hlíðarási í Vestmannaeyjum, en síðar verður hún húsmóðir að Bakkavelli, býli hér vestast í túninu.

Á Velli II býr Finnbogi Sveinsson, fæddur að Brekkum hér í sveit. Konan hans heitir Sæunn Sæmundsdóttir, frá Nikulásarhúsum í Fljótshlíð. Synir keirra hjóna eru: Guðmundur, Páll Agúst og Sæmundur.

Hermann sýslumaður á Velli nefndi sig Hermaníus. Hann var fæddur á Ísafirði, þar sem Jón faðir hans var verslunarstjóri. Konan hans hét Ingunn Halldórsdóttir og var frá Álfrólum í Vestur-Landeyjahreppi. Hermaníus var sýslumaður í tæplega þrjátíu ár. Synir hans voru Jón Hermannson lögreglu- og tollstjóri í Reykjavík og Halldór prófessor og bókavörður í Ithaca í New York. Guðrún var gift Eggerti Pálssyni, prófasti og alþingismanni að Breiðabólstað í Fljótshlíð og Guðbjörg átti sr. Jón Thorsteinsson prest á Þingvöllum, en Kristín átti séra Halldór Jónsson á Reynivöllum í Kjós. Yngsta barn sýslumannshjónanna var Oddur, skrifstofustjóri í Reykjavík. Hann var lögfræðingur að mennt, settur bankastjóri Landsbankans 1918, en síðar skrifstofustjóri í Atvinnumálaráðuneytinu.

Rétt norðan við Vallarbæina er Fiská. Á tanganum milli Fiskár og Rangár heitir Krappi. Þar er fagurt um að litast og friðsældin mikil. Sonur bóndans á Árgilstöðum á eftir að gróðursetja hér fagan trjálund og annast hann síðar af einstakri alúð. Gizur, bróðir Ólafs, hefur lokið framhaldsnámi í Berlín og Kaupmannahöfn og hefur nú verið settur skrifstofustjóri í Dóms- og Kirkjumálaráðuneytinu. Seinna varð hann hæstaréttardómari.

Í Krappanum voru haldnar miklar útiskemmtanir á árum áður. Rangæingabúð, hin mikla og fallega tjaldbúð blakti þar á þessum hátíðum. Hún var hvítasta tjaldið á Alþingishátíðinni, sem haldin var á Þingvöllum í vor, en tjaldið gáfu héraðinu tveir merkir Rangæingar, sem löngu voru fluttir til höfuðborgarinnar, þeir Jón Olafsson alþingismaður og bankastjóri frá Sumarliðabæ í Ásahreppi og Tómas Tómasson frá Miðhúsum hér í sveit, seinna þekktur sem forstjóri Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar í Reykjavík.

Ekki er langt héðan að Eystri-Rangá, sem á upptök sín í Rangárbotnum, en jökulkvísl fellur í hana úr Tindfjallajökli. Hún er þó að mestu bergvatnsá og í hana falla Fiská og Teitsvötn. Hér skammt frá er Tungufoss, vatnsmikill, hreinn og fagur. Lengi voru uppi ráðagerðir um að virkja þennan foss og leiða raforkuna um allt Rangárþing, já, og til Vestmannaeyja. Björgvin sýslumaður hafði brennandi áhuga á að Rangæingar fengju rafmagn. Talið er að í hörkufrostum, sé Tungufoss laus við allan kröpa og ísskrið. Vann sýslumaður ötullega að stofnun Raforkusambands Tungufoss. Skrifaði hann margar blaðgreinar um málið, róðurinn var erfiður, en skilningurinn glæddist og gerðar voru áætlanir og kortlagðar línur um héraðið frá Tungufossi, sem náðu til flestra býla í héraðinu. Línurnar áttu að verða 421 kílómetri á lengd.

Seinna leiddi þróunin til virkjunar á stærri vatnsföllum, svo að Tungufoss ymur sitt Íslandslag í friðsæld Krappans. Draumur hugsjónamannsins á Efra-Hvoli um að sýslan okkar fengi ljós og yl rættist á annan máta og síðar en hann vonaði.

Húsvitjun okkar á hátíðarárinu 1930 er að verða lokið. Eg hef hér stuðst við manntal sem séra Erlendur Þórðarson sóknarprestur okkar þá gerði. Séra Erlendur var vígður að Odda 2. júní 1918, hann gifti sig nokkrum dögum síðar Önnu Bjarnadóttur, mikilli fríðleikskonu. Þessi heiðurshjón sátu Oddastað frá 1918 til 1946 eða í tuttugu og átta ár.

En við eigum eftir að húsvitja á einum bæ ennpá, það er í Króktúni, suðvestan við Hvolsfjall. Húsmóðirin heitir María Þórðardóttir og börnin hennar eru: Þórdís Nanna, sem síðar giftist séra Lárusi Halldórssyni. Nikulás Már. Óskar og Una. Fósturbarn er Una Nikulásdóttir. Húsbóndinn hér á bæ andaðist 8. október í haust. Hann hét Nikulás Jónsson. Bróðir hans, Helgi Jónsson, er kominn hingað til hjálpar. Hann verður síðar vinnumaður hjá héraðslækninum á Stórólshvoli.

Ef við höfum engum gleymt þá eigum við að hafa nafngreint alla íbúa sveitarinnar, en þeir eru nú, 2. desember 1930, 215 talsins.

Svona leit fasteignamatið í Hvolhreppi út 1930. -- Í Hvolsvelli er engin fasteign komin á skrá.

Jarðanöfn	Tún- stærð ha
1 Stórólshvoll	11,1
2 Gata (með Ormsvelli)	9,2

3 Krók tún	9
4 Þinghóll	3,7
5 Miðhús	6,3
6 Efri Hvoll	23,8
7 Kotvöllur	6,2
8 Völlur I, vesturbær (með Bakkavelli)	9,1
9 II, austurbær	5,4
10 Vallarhjáleiga	
11 Árgilsstaðir I, norðurbær	6
12 Árgilsstaðir II, suðurbær	6,6
13 Markarskarð	3,3
14 Þórunúpur	6,6
15 Uppsálar	4,2
16 Brekkur I, austurbær	3,7
17 Brekkur II, vesturbær	3,7
18 Langagerði	4,6
19 Giljar	4,5
20 Vindás	3,6
21 Litli Moshvoll	3,6
22 Stóri Moshvoll I, austurbær	2,7
23 Stóri Moshvoll, vesturbýli	2,6
24 Eystri Garðsviki (Garðsauki)	21,8
25 Dufþaksholt (Dufþekja) I, austurbær	4,7
26 Dufþaksholt (Dufþekja) II, vesturbær	5,7
27 Miðkriki	5,1
28 Vestri Garðsviki (Garðsauki), með hjáleigu	9,5



29 Móeiðarhvoll	16,3
30 Móeiðarhvolshjáleiga	2,4
31 Djúpadalur	1,9
32 Skeið	

Stærst er túnið á Efra-Hvoli, 23,8 ha. Næst kemur Eystri-Garðsauki, 21,8, þá Móeiðarhvoll með 16,3 ha.

## Manntalsþing

Manntalsþing voru árlegir viðburðir en nú hafa þau verið lögð niður. Þjóðhátíðarvorið var þetta á dagskrá:

„Ár 1930, laugardaginn 14. júnímánaðar, kl. 5 e.h. var venjulegt manntalsþing fyrir Hvolhrepp sett að Stórólshvoli og haldið af hinum reglulega dómara sýslumanni Björgvini Vigfússyni með þingvottum: Einari hreppsstjóra Einarssyni í Vestri-Garðsauka, Bergsteini hreppsnefndaroddvita Ólafssyni á Árgilsstöðum, Jóhanni bónda Þorkelssyni í Miðkrika og Helga lækni Jónassyni í Stórólshvoli.

Var þar og þá fyrirtekið:

1. Birt verðlagsskrá sýslunnar, gildandi frá 16. maímánaðar 1930, til jafnlengdar 1931.
2. Spurt um hvort ólögleg lausamennska ætti sér stað í hreppnum, og var því svarað neitandi.
3. Lesin skrá yfir þinglestursskiöl í Hvolhreppi 1930. – No 81 á skránni afhent Sigfúsi Sigurðssyni á Þórunúpi.
4. Sýslumaður minntist á Alþingishátíðina, og hvatti menn til þingreiðar.
5. Fór því næst fram skattgreiðsla.

Frekar ei fyrirtekið. Þingi slitið.

Þingvottar:

Helgi Jónasson, Einar Einarsson, Jóhann Þorkelsson, Bergsteinn Ólafsson“

## Nýir tímar í lítilli sveit

Hvernig var þessi sveit, sem vegna þróunar í samgöngumálum lá vel við til að verða miðstöð verslunar í austurhluta Rangárvallasýslu? Bílvegurinn til Reykjavíkur var að verða bærilegur. Bifreiðastöð Reykjavíkur, B.S.R., hafði frá árinu 1925 fastar áætlunarferðir austur í Fljótshlíð og notaði til þeirra ferða 14 manna Fíat bíla, sem kallaðir voru „gráu beljurnar“, síðan hálfkassabíla sem tóku tíu til tólf farþega og aftan við farþegahúsið var vörupallur. Íbúarnir í Hvolhreppi 1930 eru 215, en voru árið 1925 211.

Í Sunnlenskum byggðum IV, sem komu út 1982 lýsir Markús Runólfsson bóndi og kennari sveitinni þannig:

„Hvolhreppur liggur nokkurn veginn í miðri Rangárvallasýslu. Að sunnan skilur Þverá, nema hvað eyðibýlið Skeið telst til Hvolhrepps, en það liggur sunnan Þverar og er nytjað frá Hemlu í Vestur-Landeyjahreppi. Að vestan og norðvestan skilur Eystri-Rangá, en að austan eru ekki nein glögg

landfræðileg mörk, en þar tekur við Fljótshlíðarhreppur. Í stórum dráttum er lögunin eins og rétthyrndur þríhyrningur, þar sem Eystri-Rangá myndar langhliðina og Þverá aðra skammhliðina.

Í miðri sveit rís Hvolfsfjall og nokkru austar Kotamannafjall og þar norður af Þórunúpur, Markarskarðsog Árgilsstaðafjall, sem eru í rauninni eitt fjall, en draga nafn af bæjunum, sem undir þeim standa. Öll eru þessi fjöll heldur lág miðað við íslensk fjöll, ávalar bungur og vel gróin. Þó má finna rofabörð í þeim öllum, þar sem vindur og vatn fer eyðandi um gróðurtorfurnar. Einkum á þetta við um Markarskarðs- og Árgilsstaðafjall. Til suðvesturs úr Kotamannafjalli gengur dálítill rani eða ás, sem endar í háum hól, Moshvolshól.

Fyrir utan nefnd fjöll er landið mjög sléttlent, mikill hluti þýfðir vallendis- og lyngmóar prýðilega fallnir til ræktunar, og í dag er mikill hluti þeirra orðinn að sléttu túni. Meðfram Þverá er allbreið mýri, víða um 2 km á breidd, en þó eru þurrir blettir inn á milli og þurrir bakkar sums staðar meðfram ánni. Þessi mýri hefur öll verið ræst fram, þó ekki sé hún nærri öll nægilega þurr til túnræktar. Árið 1955 var byrjað að ræsa hana fram og þá var grafinn skurður frá hreppamörkum að austan allt vestur að landi Móeiðarhvals og þar út í Þverá. Skurður þessi liggur í gegnum land margra jarða. Bæjarhóllinn í Dufpaksholti stendur sem eyja upp úr þessari mýrarsléttu og líkt er um bæjarhóllinn á Móeiðarhvoli, sem stendur í jaðri vallendisins vestur undir Rangá. Mýrablettir finnast víðar, t.d. meðfram Rangá og Hvolsgili og við vestanverðan Þórunúp, Markarskarðs- og Árgilsstaðafjall.

Rangá er bergvatnsá, sem rennur meðfram Hvolhreppnum, lengst af milli lágra, gróinna bakka, en fjær ánni eru háir bakkar upp á sléttan völlinn. Nokkur silungsveiði er í Rangá og reynt hefur verið að rækta í henni lax á seinni árum, en árangur kannski ekki sem skyldi, óttast menn að vatnið sé of kalt vegna þess hve mikill hluti þess er uppsprettuvatn, sem á stutt tildráttar á yfirborðinu. Mikill vikur fór í Rangá í Heklugosinu 1947 og skemmdi það mikið veiðina í ánni, en hún hefur komið til aftur. Víða eru vöð á Rangá og var hún því ekki mikill farartálmi fyrir ríðandi menn áður en hún var brúuð.

Árið 1839 skrifar Ásmundur Jónsson, prestur í Odda, sóknarlýsingu Rangárvallasýslu: „Þverá, sem áður var mjög mjó og vatnslítill er nú breið ferjuá (því mest allt vatnið, sem áður var í Markarfljóti, liggur nú í henni), sem tjón gjörir öllum þeim jörðum, er hún nær til. Sjálfur farvegur hennar er víða orðinn hærri en landið í kring (því hún ber alltaf sand undir sig), hvörs vegna hún alltaf er að mynda nýja ála og ósa og einlægar grynningar og sandeyrar í gamla farveginum.“ Í sömu heimild segir að Þverá hafi eyðilagt mikið af engjum frá Móeiðarhvoli. Þessi lýsing á Þverá hefur verið í góðu gildi til ársins 1946, en þá var hlaðið fyrir Markarfljót við Þórólfsfell, þannig að það rann ekki lengur vestur með Fljótshlíð og Þverá. Nú er Þverá orðin vatnslítill eins og áður, en hún flækist um alltof breiðan farveg sem er fullur af sandi og farvegurinn er hærri en mýrarnar sitt hvorum megin. Veiði er engin í þessum hluta árinna.

Það mætti vera eitt af framtíðarverkefnum mannsins á vélaöld að koma farvegi Þverár snyrtilega fyrir og græða sárin, sem Markarfljót og Þverá hafa skilið eftir á ásýnd landsins.

Hvolslækur eða Hvolsgil á upptök sín í slakkanum á milli Kotamannafjalls og Þórunúps sunnan við Þórunúpsbæ. Þetta er dálítill lækur, sem rennur eftir nokkuð djúpu gili með víðast vel grónum bökkum og grynist eftir því sem neðar dregur, gegnum sléttlendi milli Hvolfsfjalls og Kotamannafjalls. Neðar liðast lækurinn um sléttar grundir framhá Götu, Miðkrika og Garðsauka og hverfur síðan út mýrina fyrir vestan Garðsauka. Nú í nokkur ár hefur hann runnið ofan í framræsluskurð og eftir honum út í Þverá.

Samsíða Hvolfsfjalli að vestanverðu er mikill vatnsfarvegur, sem er þó þurr, nema í rigningu og leysingum, þegar frost er í jörðu. Nefnist þetta Alda. Stundum á veturnum, þegar gerir bráða hláku á einhvern snjó, safnast leysingarvatnið saman úr ofanverðum Vellinum allar götur ofan frá Markarskarði og Árgilsstöðum í Ölduna, sem verður þá að hinu versta vatnsfalli og flæðir svo yfir þorpslandið og þjóðveginn til stórtjóns. Nú er reyndar búið að lagfæra þetta með því að setja fyrirhleðslu í ölduna við norðurenda Hvolfsfjalls og gera þaðan vatnsrás yfir þveran völlinn vestur í Rangá.

Annað jarðfall er vestar og neðar í vellinum, svonefnd Miðalda, sem heldur svo áfram vestur völlinn og opnast út Rangá niður undir Móeiðarhvoli og nefnist þá Móeiðarhvolsalda. Í henni rennur alltaf kaldavermslislækur eftir að kemur niður í land Móeiðarhvols."

Og enn segir Markús í lýsingu sinni:

„Þó má geta þess að jarðirnar eru yfirleitt fremur litlar og sumar mjög litlar, þó það skipti dálítið í tvö horn. Hvolhreppurinn er lítil sveit, en landið er svo til allt gróið og mikið af því prýðilega grasgefið frá náttúrunnar hendi og ræktunarskilyrði ágæt.

Upprekstrarland eiga Hvolhreppingar á Emstrum. En þær liggja við norðvestanverðan Mýrdalsjökul. Þær afmarkast af jöklinum að suðaustan, af Syðri-Emstruá að sunnan, Markarfljóti að vestan og norðvestan og Bláfjallakvísl og Bratthálskvísl að norðan og norðaustan. Nyrðri-Emstruá kemur undan Mýrdalsjökli og fellur í Markarfljót og skiptir Emstrunum í Inn-Emstrur og Fram-Emstrur. Var hún brúuð 1975, en var áður slæmur farartálmi í sambandi við nýtingu afréttarins."

Yfir kemst á klakaspöng  
klárinn fremst þótt hnjóti  
þar sem Emstruáin ströng  
úfin lemst í grjóti

Sturla Friðriksson

Þetta orti Sturla, þegar hann var að koma ríðandi ofan af Mælifellssandi niður í Þórsmörk, um árnar sem á leiðinni voru.

## Látið til skarar skríða

A Stórólshvoli voru stærstu fundir Rangárpings haldnir um árabíl, enda miðsvæðis í héraði, en annar mikill samkomustaður var í Þjórsártúni. Umræður urðu oft eldheitar á þessum fjölsóttu fundum.

Það var 16. október árið 1919 að hressilegur hugsjónamaður, prestur undir Eyjafjöllum, séra Jakob Lárusson stóð í ræðustóli á Stórólshvoli og boðaði manndómslega að samstaða um verslun yrði héraðsbúum til góðs. Hann hafði verið prestur í Íslendingabyggðum í Vesturheimi í nokkur misseri og kom heim með aleigu sína, lítinn Ford fólksbíl, sem hann átti með öðrum, en einmitt með þessu litla farartæki hófst nýtt tímabil samgöngusögu landsins. Hugvekjan sem klerkurinn frá Holti flutti á Hvoli fyrir sjötíu árum reyndist sigursæl.

Kaupfélag Hallgeirseyjar var formlega stofnað í Miðey Austur-Landeyjum 20. nóvember árið 1919, en fyrr á þessu sama ári hafði verið stofnað Kaupfélag Eyfellinga af 10 bændum. Árangur af starfi þessa litla og fátæklega Kaupfélags undir Fjöllum varð það góður að hann varð hvatning til viðtækara

samstarfs bænda um verslunarmál, undir merkmum samvinnustefnunnar. Verslun var svo hafin í Hallgersey í Austur-Landeyjum vorið 1920 við hinar frumstæðustu aðstæður. Mikla bjartsýni þurfti til að hefja verslun þarna við hafnlausu brimströndina, og ekki var gott að komast um Landeyjar, blautar mýrar, flóð og keldur, en ofar voru öll vötnin óbrúuð. Útibú rak félagið í Þykkvabæ og við Holtsós Vestur-Eyjafjallahreppi. Kaunfélagsstjórinn, Guðbrandur Magnússon, var æskuvinur og félagi séra Jakobs í Holti. Fyrstu árin var félagið að verulegu leiti rekið sem pöntunarfélag. Tóku bændur að vori við vörum sínum „í sandi“ eins og sagt var. Vöruflutningar með bifreiðum voru þá ekki hafnir.

## Augnablikið

Guðbrandur Magnússon sem var Kaupfélagsstjóri Hallgersey 1920 til 1928, var lærður prentari. Hann varð fyrsti ritstjóri Tímans 1917. Það blundaði í honum blaðamennskan og í Hallgersey fór hann að gefa út fjölritað blað, sem nefndist Augnablikið. Við skulum líta í blaðið 1. júní 1923:

## Gætum við dáið úr hungri með fullan kvið?

„Bætiefnin. Eitt hið merkasta sem alþýðu manna er að berast vitneskja um frá leitarmönnum nýrra sanninda. er fróðleikurinn um hin svonefndu bæti e f n i. Er það komið á daginn að efnagreining fæðutegundanna hefir til þessa eigi verið tæmandi, né heldur fullkominn skilningurinn á því hvers menn og skepnur þyrftu með í fæðunni. Er komin reynsla á það að maður getur veslast upp, dáið úr hungri, með fullan kvið af hinum venjulegu næringarefnum. Í fæðutegundunum er sem sé auk næringarefnanna mjög mismunandi mikið af hinum svonefndu bætiefnum, en án þeirra getur enginn þrifist.“

Í sama blaði birtist eftirfarandi auglýsing:

## Dúndur-útsala í Hallgersey

„Verðskyn“, það orð var ekki á hvers manns vörum á árum áður. Það þótti gott að geta keypt brýnustu nauðsynjavörur í Kaupfélaginu. Það var enginn lúxusvarningur sem seldur var á lækkuðu verði Hallgersey, og ekki vitað hvort Landeyingar stóðu biðröðum þegar þessi auglýsing birtist:

Gafflar	sem kostuðu kr.	1,25	kosta nú kr.	1,00 pr. stk.
Náttpottar		3,30		2,90
do		3,90		3,20
Hrákadallar		7,50		3,00
Do		4,50		3,00
Skaftpottar		3,20		2,50
Katlar		10,50		8,00

Smápottar		3,70		3,00
Pönnur		3,50		2,75
Eplaskífupönnur		9,00		7,50
Pvottabretti		5,20		4,50
Vatnskönnur		10,00		7,00
Do		6,25		3,00
Kaffikönnur		6,00		4,00
do		7,00		5,00
do		10,50		8,00
Blikkfötur		9,00		7,00
Kjötkvarnir		15,00		12,00
Kaðall		3,20		2,50 kg.
Steðjar		112,00		80,00 stk.
Borðhnífar		1,75		1,25
Skæri		4,50		3,90
Blikkbalar		16,00		12,00
do		12,00		9,00
do		9,00		7,50
do		7,50		6,00
Hófur		6,20		4,50
Kápur		97,50		60,00
do		47,00		37,50
Fjárklippur		4,00		2,00

## Hættið að kyssast! Hættið prestar góðir að messa!

Það kenndi marga grasa í blaðinu sem út kom í Hallgeirsey. Heilbrigðismálin voru þar ekki undanskilin.

## AUGNABLIKIÐ

4. blað Hallgeirsey. 13. febrúar 1926 3. ár.

„Kíghóstinn er kominn í héraðið, er hann orðinn útbreiddur í Þykkvabæ, kominn á nokkra bæi á Rangárvöllum og líkur til, að því er héraðslæknirinn telur, að hann sé kominn á Krókbæi í Vestur-Landeyjum. Kíghóstinn er voðaveiki og er hvert heimili sælt og heppið sem kemst hjá honum. Og það er hægt að koma sér hjá honum. Talið er að sýking eigi sér stað við snerting og ef komið er í herbergi þar sem sjúklingur er fyrir. Sýkingarhætta mest á fyrsta stigi veikinnar. Byrjar hún eins og vont kvef, sog koma ekki til fyrr en eftir hálfan mánuð oft og einatt. Dauðir hlutir og þeir menn sem fengið hafa veikina áður geta ekki borið hana. Frá sýkingu og þar til menn veikjast geta liðið 2 til 14 dagar. Fólk á öllum aldri er móttækilegt fyrir kíghósta, en oftast er hann vægari í fullorðnum. Að þessu sinni hefur veikin verið fremur væg, þó eru 3 börn dáin úr henni í Reykjavík, öll á fyrsta ári. En þetta getur breyst þá og þegar. Hér um slóðir er mjög margt fullorðið fólk sem ekki hefir fengið kíghósta, og er vandinn meiri að láta hann nú eigi berast út.

Læknar eru farnir að nota bólusetningu við veikinni, sem sagt er að reynist vel. Talið er að bólusett börn fái sum ekki veikina, en á öðrum verði hún vægari. Sem stendur er lyf það sem bólusett er með ekki til í landinu, en læknirinn okkar býst við að hafa fengið það að hálfum mánuði liðnum. Þangað til ættu menn a. m. k. að reyna að verjast.

Hvernig á að verjast? Forðast allar samgöngur sem mest, hætta að heilsast með kossum og handabandi, og helst ættu þeir menn einir að vera í erindum milli bæja sem fengið hafa veikina áður. Sóknarnefndir og prestar ættu að koma sér saman um að láta messur falla niður um sinn, og gjöri menn lækni viðvart í tæka tíð eftir að veiki verður vart í sveit mun hann banna skólalald. Og þó er hvað mest undir þeim heimilum komið sem verða fyrir því að fá veikina, að þau fari á allan hátt gætt í 1 e g a. Héraðslæknirinn teldi mikið fengið þótt ekki yrði meira gjört en að tefja útbreiðslu veikinnar fram á vorið uns hlýnar í veðri. En sá sem fær kíghósta getur haft hann í 4 til 8 vikur.

Kíghóstinn hefir orðið mörgu barninu að fjörlesti, auk þess er hann einn af þeim sjúkdómum sem ryður öðrum langvinnari braut. Þess vegna skyldi hver og einn gæta sín við þessari voðaveiki."

og enn lítum við í Augnablikið, árið áður en fyrsti Kaupfélagsstjórinn kvaddi:

## Mikið fyrir lítið

### 100 króna hitaveita

„STEINOLÍAN kom að Hallgeirsey 27. september, verðið hvergi lægra á Suðurlandi utan Reykjavíkur, einungis besta ljósaolía flutt, og allt um það eiga ýmsir ótekið pantaða olíu. Hvað veldur?

VETRARKULDINN er mesta mein sveitafólksins. Fyrir 100 kr. geta menn fengið olíuofn og steinolíutunnu í Hallgeirsey, og er þetta nægilegt til upphitunar sveitaheimili vetrarlangt. Á tækifæriskaup þetta röt sína að rekja til lekahættunnar á olíu þeirri sem vísast er að félagið sitji með að öðrum kosti."

## Fyrsti kaupfélagsstjórinn kveður

aðalfundi í maí 1929 kvaddi Guðbrandur Mansson vini og viðskiptamenn. bá var Sigurtpór Olafsson í Kollabæ kosinn í stjórn. Hinn nýi kaupfélagsstjóri, Ágúst Einarsson, vakti máls á því að tímabært væri að kaupa vörubíl. Var það samþykkt með því skilyrði að starfsmenn ækju sjálfir, svo að ekki þyrfti að ráða sérstakan bílstjóra. Spánýr Chevrolet kom um sumarið og fékk einkennisstafina RA-10.

Þessi bíll kom með skipi frá Vestmannaeyjum, og var smíðaður fleki og bílnum fleytt á honum upp í fjöruna framan við Hallgeirsey. • Árið áður fékk Brandur Stefánsson í Vík sinn fyrsta bíl með Skaftfellingi upp í fjöruna í Vík. Ekki hefur þessi flutningsmáti á bílum verið erfiðleikalaus meðan ekkert var til hjálpar handaflinu.

## Í Hallgeirsey

Nú skulum við láta hugann reika niður að Hallgeirsey, þar sem löggiltur verslunarstaður varð árið 1897. Fyrsti bókhaldari félagsins var Þorvaldur Stephensen, prestsonur frá Holti í Önundarfirði, mikill og öruggur skrifstofumaður. Síðan réðst þangað Ágúst Einarsson frá Miðey, sem var þar bókarí í fjögur ár, en varð kaupfélagsstjóri 1928-1941. Með fyrri konu sinni, Helgu Jónasdóttur frá Reynifelli, átti hann Einar, alþingismann og utanríkisráðherra. Síðari kona Ágústs var Edel frá Bramminge á Jótlandi. Einn af góðum starfsmönnum í Hallgeirsey var Valdimar Þórðarson, sem síðar varð landsþekktur kaupmaður, annar eigandi „Silla og Valda“ sem um árabíl áttu verslanir víða í Reykjavík. Kaupfélagsstjóranum í Hallgeirsey varð ógleymanlegt hvað „Valdi“ var duglegur.

## Að leggja árar í bát

### eða mæta nýjum tímum með nýjum úrræðum

Fyrst var vörumagnið flutt með skipum Eimskipafélagsins til Vestmannaeyja og síðan þaðan á vélbátum til lands þegar leiði gafst. Þessir aðrættir voru kostnaðarsamir og vörur sjóblotnuðu svo að vörurýrnun varð oft mikil. Síðasta skipið sem afgreitt var við Landeyjasand var gamli Brúarfoss, sem sigldi upp að Landeyjasandi á vordögum 1933. Ekki voru vörur fjölskrúðugar sem hann flutti til Kaupfélagsins eftir farmskránni að dæma. Frá Danmörku kom sement, skeifnajárn, girði, þvottaduft, þakpappi, naglar, trjáviður og hrífuhausar, en frá Englandi komu brýni, ullarballar, smjör, salt og sódi. Kaupfélag Hallgeirseyjar átti lengi í vök að verjast. Svo erfiður reyndist reksturinn árið 1926 að tillaga kom um að leggja félagið niður, en forráðamennirnir voru hugsjón sinni trúir og gáfust ekki upp, þótt árferði væri erfitt og gjaldgeta bænda lítil, sem leiddi til mikillar skuldasöfnunar.

## Skyggnst í gamlar fundargerðir

"Árið 1930, laugardaginn 8. mars, var fundur haldinn stjórn Kaupfélags Hallgeirseyjar að

Hallgeirseyjarháleigu. Á fundi voru allir stjórnendur félagsins, nema Auðunn Jónsson (bóndi í Eyvindarmúla), framkvæmdastjóri og auk þess endurskoðunarmenn félagsins, sem boðnir voru á fundinn.

Formaður, séra Jakob Ó. Lárusson, stýrði fundi og Sigurður Vigfússon ritaði fundargerð: Þetta gerðist:"

og við grípum niður þar sem stofnun útibús í Hvolsvelli er fyrst orðuð:



„Formaður vakti máls á því hvort ekki mundi unnt að auka viðskipti aftur fyrir ofan Þverá (í Fljótshlíð og Hvolhreppi) með því að flytja vörur frá Reykjavík og aftur innlendar vörur til Reykjavíkur. Var rætt mikið um þetta efni, svo sem að reyna að komast í samband við Sláturfélag Suðurlands um flutning sauðfjár á bílum til Reykjavíkur, og stofnun útibús í Hvolhreppi. Að lokum var framkvæmdastjóra falið að leita allrar fánlegrar vitneskju um þetta mál áður en aðalfundur verður haldinn.“

## **Verslunarlóð á góðum stað**

Þann 10. apríl 1930 er aðalfundur haldinn að Hallgeirseyjarhjáleigu. Undir dagskrárlið númer III má þetta lesa:

„Útibú í Hvolhreppi. Framkvæmdastjóri vakti máls á þeirri hugmynd sinni og formanns félagsins sem rædd var á stjórnarfundum 8. mars að félagið komi sér upp útibúi í Hvolhreppi. Benti hann á að félagið hefði smám saman misst mikið af viðskiptum manna ofan Þverár vegna breyttra samgönguhátta og væri vonlaust um að ná þeim viðskiptum aftur nema með því að flytja vörur frá Reykjavík og afurðir bænda aftur þangað. En aukin viðskipti teldi hann lífsnauðsyn fyrir félagið. Kvaðst hann hafa átt tal við forstjóra Sláturfélags Suðurlands, Helga Bergs, sem hefði eindregið óskað eftir samvinnu við Kaupfélagið um það að skipuleggja bílaflutninga til og frá Reykjavík. Ennfremur skýri hann frá góðum undirtektum forstjóra SÍS um þetta mál.“

Síðar í sömu fundargerð er þetta skráð:

„Framkvæmdastjóri benti á það að starfsemi útibúsins geti einmitt orðið til að hindra skuldaför og léttu innheimtu, því það mundi fá afurðir bænda til flutnings og félagið til sölu meðferðar; mætti þá fremur en nú setja mönnum stólinn fyrir dyrnar. Ennfremur gerði hann grein fyrir því hvern hagnað ætti að mega hafa af væntanlegri skipulagðri samvinnu Sláturfélagsins og Kaupfélagsins um vöruflutninga. Taldi hann sennilegt að innan skamms mundi rísa upp verslun í Hvolhreppi, en sá væri vilji og metnaður samvinnumanna beggja megin Þverár að það yrði fremur samvinnuverslun en samkeppnismanna.“

Framkvæmdastjóri sýndi fram á það, og færði dæmi til, að menn hefðu beðið tjón af því að ganga fram hjá félaginu um viðskipti. En um útibúsmálið sagði hann að það gæti e.t.v. strandað á því í þetta sinn að ekki yrði hægt með litlum fyrirvara að fá þann starfsmann til þess, sem hann gæti treyst til að framkvæma fyrir mæli sín og ganga í sinn stað. Lagði hann til að kosin yrði þriggja manna nefnd til þess að rannsaka málið með sér.

Sigurður Vigfússon [bóndi á Brúnum] vildi láta vinda bráðan bug að því að tryggja félaginu verslunarlóð á góðum stað. Mælti hann með því að útibúið yrði stofnað sem fyrst.

Guðjón Jónsson í Hallgeirsey lýsti fylgi sínu við hugmyndina, og færði rök að því: Breyttar samgöngur færa viðskiptastrauminn til Reykjavíkur; ef félagið hagnýtir sér ekki þá breytingu, dagar það uppi.

Tillaga framkvæmdastjóra um nefndarskipun var samþykkt með 8 atkvæðum gegn 1 og kosnir í nefndina: Guðjón Jónsson í Hallgeirsey, Guðjón Jónsson í Tungu og Sæmundur Ólafsson á Lágafelli.

Ákveðið var að kalla saman aukafund, þegar nefndin væri búin að starfa, til að ráða máli þessu til lykta.“

Í sláttubyrjun eru enn samankomnir forsvarsmenn félagsins að Miðey. Þeir komu ríðandi yfir óbrúuð vötn ofan úr Fljótshlíð, austan undan Fjöllum og Landeyingarnir láta ekki sitt eftir liggja.

## Áætlun um stofn-og rekstrarkostnað

„Árið 1930, þriðjudaginn 17. júní, var aukafundur í Kaupfélagi Hallgeirseyjar haldinn að Miðey. Á fundi voru þessir stjórnarmenn og fulltrúar:

Auðunn Jónsson, stjórnarmaður.

Ágúst Einarsson, framkvæmdastjóri.

Árni. Einarsson, deildarstjóri Fljótshlíðardeildar.

Guðjón Jónsson, fulltrúi Austur-Landeyjadeildar.

Jakob Ó. Lárusson, prestur, formaður félagsins.

Kristján Ólafsson, deildarstjóri Eyjafjalladeildar.

Sigurjón Magnússon, fulltrúi Eyjafjalladeildar.

Sigurður Vigfússon, stjórnarmaður.

Sigurþór Ólafsson, stjórnarmaður.

Sæmundur Ólafsson, deildarstj. Austur-Landeyjadeildar.

Formaður stýrði fundi, en Sigurður Vigfússon ritaði fundargjörð.

Þetta gjörðist á fundinum:

1. Framkvæmdastjóri gjörði grein fyrir verkefni fundarins, sem væri það að ræða um stofnun útibús ofan Þverár, samkvæmt ályktun aðalfundar 10. apríl síðastl. og störfum nefndar þeirrar sem þá var kosin til að athuga það mál.

Hafði framkvæmdastjóri og annar nefndarmaður, Sæmundur Ólafsson, farið til Reykjavíkur og haft tal af forstjóra S.Í.S um málið, síðan hafði verið boðað til funda í Fljótshlíð og Hvolhreppi, en þeir höfðu verið illa sóttir. Nefndin hafði gjört áætlun um stofnkostnað og rekstrarkostnað af útibúi þessu, ef til kæmi um stofnun þess. Áætlaði hún að byggja þyrfti verslunarhús fyrir allt að kr. 7000.00 og festa allt að 19200 kr. í vörubirgðum, áhöldum o.s.frv., en rekstrarkostnað áætlaði hún kr. 8400.00 á ári. Taldist nefndinni svo til að verslunarmagn útibúsins þyrfti að vera um 50 þús. kr., ef eingöngu væri verslað með nauðsynjavöru, til þess að það gæti borið sig. Virtist framkvæmdastjóra allar líkur fremur benda til þess að það mundi takast. Ennfremur skýrði hann frá góðum undirtektum sýslumanns og ábúandans á Stórólfsholvi við málaleitan félagsins um lóðarblett í Stórólfsholvlandi. Taldi hann engin vandkvæði á því að félagið gæti fengið lóð undir verslunarhús nálægt Stórólfsholvi, þar sem aðalfundur hafði talið heppilegastan stað til verslunarrekstrar á þeim slóðum."

## Um tvennt að velja

„Arni Einarsson [í Múlakoti] kvaðst ekki eins bjartsýnn sem margir aðrir um tilraun þessa [til verslunarreksturs], en eftir atvikum taldi hann nauðsynlegt að gjöra hana í vor í þeirri von að til hagsbóta horfði. Lagði hann til að ull yrði tekin fyrir ofan þverá í vor, ef hægt væri að fá húsrúm til þess. Þótti honum illa farið að ekki hefði verið hægt að byrja á versluninni í vor; óttaðist að ný samkeppni kynni að rísa upp í Fljótshlíð, ef samgöngur batna þangað frá Reykjavík.

Formaður félagsins vildi að engu hrapa. Taldi þá um það tvennt að velja, annað hvort að stofna útibúið eða leggja félagið niður, vegna minnkandi viðskipta. Spurðist fyrir um hvort ekki væri einhver tryggur hópur samvinnumanna ofan þverár sem vildi fremur versla við samvinnufélag en kaupmenn að öðru jöfnu."

## Hamarshögg í Hvolsvelli og farið að höndla 1. október 1930

Síðsumars á þjóðhátíðarárinu glymja fyrstu hamarshöggin á grundinni vestan við tún læknisins á Stórolfshvoli. Þrír dugnaðarmenn innan úr Fljótshlíð eru mættir til leiks. Þeir eru allir þekktir smiðir í sinni heimasveit og víðar, en Fljótshlíðin skartar betri byggingum en flestar aðrar sveitir á þessum árum. Samgöngur við Reykjavík eru orðnar sæmilega góðar, fastar áætlunarferðir komnar á. Smiðirnir sem þarna vinna vasklega heita: Guðmundur Þórðarson á Lambalæk, Guðni Markússon í Kirkjulækjarkoti, Bárður Sigurðsson á Kirkjulæk og með þeim er einnig Sigurjón Þórðarson bóndi á Lambalæk, enn einn vaskleikamaðurinn. Það er hugur í þessum mönnum, en það stendur líka til að reisa nýja kirkju á grunni þeirrar gömlu sunnan við höfuðbólið, Stórolfshvol.

Það kemur engum á óvart að fyrsta húsið í Hvolsvelli er fljótt að rísa af grunni, verslunarhúsið, útibú frá Kaupfélaginu í Hallgeirsey, krambúð, en svo voru verslanir nefndar þar sem vefnaðarvöru, matvöru og allskyns varningi ægði saman.

Vegurinn austur Hvolsvöll var lagður árið 1929, en norðan við hann mátti lengi sjá grónar hestagötur.

Eyrarbakki var á þessum árum ekki lengur sá hinn mikli verslunarstaður. Það var myndarleg verslun í Þjórsártúni, Verslun Ólafs Ísleifssonar, sem var svo stór að hún skiptist í aðskildar deildir, matvöru-, byggingarvöru-, nýlenduvöru- og vefnaðarvörudeild. Kaupfélag Árnesinga var þá ekki búið að stofna, en Egill Thorarensen verslaði fyrir eigin reikning og Guðmundur í Höfn á Selfossi var farinn að höndla við brúarsporðinn.

Svo vel gekk smiði búðarinnar í Hvolsvelli að hinn 1. október var hún opnuð. Það er komin búðarlykt í þetta einstaka hús í Vellinum. Stór brjóstsykurstampur kominn á borðið og hér fá ungu stúlkurnar efni í pokabuxur, sem eru í tísku á þjóðhátíðarárinu. Þegar skyggir á kvöldin er kveikt á 10 línu olíulampa, sem hangir á veggnum fyrir ofan skrifpúltið þar sem nóturnar eru skrifaðar. Úttektin og innleggið fært til bókar. Innleggið er aðallega smjör, egg og gærur.

Vöruvalið var ekki fjölskrúðugt á nútíma mælikvarða. Þar ægði saman hinum ólíkustu vörutegundum. Pottar og pönnur á krókum uppi í loftinu, jafnvel náttpottar. Svipmót gömlu búðanna með sæt

ilmandi sirslykt. Fyrstu misserin var ekki sími í „gömlu-búðinni“. Í síma var farið niður að Eystri-Garðsauka, en þangað kom sími árið 1909, og inn í Fljótshlíð var sími lagður fyrst árið 1927.

Stóru stundirnar í kaupfélagsbúðinni voru rétt fyrir sláttinn, þegar ullin var tekin og verslað var fyrir sumarið. Sveinn Ísleifsson, einn af frumbýlingunum í Hvolsvelli, segir svo frá í bókinni Ysjur og Austræna, en hann var lengi vörubílstjóri hjá Kaupfélaginu og síðar fyrsti lögreglumaðurinn og sjúkraflutningamaðurinn:

„Frá fyrstu ökumannsárum mínum er mér það enn í fersku minni, þegar ég sótti ullina heim á hvern einasta bæ í öllum hreppum sem viðskipti höfðu við kaupfélagið. Þetta voru sannkallaðir hátíðisdagar, að ég held bæði hjá fullorðnum og börnum. Börnin í þá daga höfðu ekki jafnmikið að segja af kaupstaðarferðum og börnin í dag.

Mörg börn sem voru og höfðu verið í sumardvöl á sveitaheimilum, eignuðust kind, eina eða fleiri auk barna sem þar áttu heima. Það var svo sjálfsgaður hlutur að þau fylgdu sínu ullarinnleggi til kaupfélagsins, og þá var stofnað til reiknings fyrir viðkomandi, nýjan viðskiptamann. Þetta var ekki svo tilkomulítið fyrir börnin. Það vakti ánægju hjá bílstjóranum að hafa þessa einstaklinga sem farþega, sem þá voru í fyrsta skipti skráðir viðskiptamenn hjá kaupfélaginu. Gleðin skein úr augum þeirra. Þegar komið var heim á heimilin stóðu þessir ungu ullarinnleggjendur venjulegast ferðbúnir á hlaði, eða að þeir hlupu á móti bílnum, sem var að koma og sækja þá og innleggið. Svo var ullinni hlaðið á bílinn, en skilin eftir hola fyrir farþega, sem oft voru jafn margir og ullarpokarnir er sóttir voru. Síðan var haldið í kaupstaðinn, ullin lögð inn, gengið frá ullarmati og þá vissu innleggjendur fyrst hvað fást myndi fyrir innleggið. Sumir þurftu að taka út á sitt innlegg, vasahníf eða annað nýtsamlegt og fengu óskir sínar uppfylltar á einhvern hátt.“

## Langt að sækja mann til að afgreiða bensín

Ísleifur Einarsson frá Miðey var fyrsti maðurinn sem starfaði við Útibúið í Hvolsvelli. Hann var fæddur að Miðey í Austur-Landeyjahreppi 7. september 1895. Hann hafði eins og svo margir Rangæingar verið togarasjómaður. Hann var bróðir Ágústs kaupfélagsstjóra, traustur maður og ábyggilegur, og átti eftir að starfa við Kaupfélagið um áratugaskeið við afgreiðslustörf, bifreiðaakstur, en lengst við pantanaafgreiðslu. Hann starfaði einn við Útibúið um nokkurra missera skeið. Hann var í fæði og gistingu í Vestri-Garðsauka, hjá heiðurshjónunum Þorgerði Jónsdóttur frá Hemru í Skaftártungu og Einari Einarssyni bónda þar og hreppstjóra. Einar var og hreppsnefndarmaður í fjörutíu ár.

Elís Hallgrímsson, sem síðar var bóndi að Lækjarbakka í Vestur-Landeyjahreppi, sagði þeim er þetta skráir að árið 1930 hefði hann verið vinnumaður hjá Sæmundi borgara Oddssyni, bónda í Eystri-Garðsauka. Snemma sumars það ár sá hann menn vera að grafa fyrir bensíngeymi vestan við Stórólshvolstúnið. Bensíngeymir frá B.P. var fyrsta mannvirkið sem gert var í Hvolsvelli. Þessi bensíngeymir var austan við sölubúðina sem byggð var þetta sumar. Það þætti í dag tafsamt að fara niður að Vestri-Garðsauka til að ná í mann til að afgreiða bensín, en Ísleifur útibússtjóri fór gangandi á milli.

Á þessum árum var farið að flytja sláturfé á bílum til Reykjavíkur. Þegar farið var að hugleiða um að koma upp útibúi frá Hallgeirseyjarkaupfélaginu í Hvolhreppi kom strax til umræðu að eiga náíð og gott samstarf við Sláturfélag Suðurlands, og það voru einmitt bílar, sem fluttu sláturfé úr Fljótshlíðinni til Reykjavíkur, sem komu með fyrstu vörurnar í búðina.

Guðni Markússon í Kirkjulækjarkoti málaði panelinn bláan. Ekki er nýja kaupfélagsútibúið stórt í sniðum, en máltækið segir að mjór sé mikils vísir, og hér verður ilmur af eplum um næstu jól.

En bjarmi góðu áranna er farinn að dofna. 2. febrúar 1931 er svohljóðandi skráð í fundargerðarbókina Hallgeirseyjarhjáleigu:

„Þótt ástandið sé illt og horfurnar varhugaverðar, telur stjórnin eigi annað fært en halda starfsemi félagsins áfram, og sjálfsagt að gjöra ráðstafanir til þess, en beita hinni ýtrustu varfærni í hvívetna.“

Skömmu síðar kveður þó við bjartari tón:

## Framtíðaráform

„Framkvæmdastjóri skýrði frá byggingu verslunarhúss félagsins á Stórolfshvoli, sem nú er langt komið, og kostnaði við hana. Ennfremur skýrði hann frá rekstri útíbúsins þar sem hann kvað. nú í fyrstu, hafa gengið vonum framar. Stjórnin taldi óhjákvæmilegt að ráða fastan starfsmann við útibúið framvegis. Ísleifur Einarsson var ráðinn frá 1. október til áramóta. Lýsti stjórnin ánægju sinni um val mannsins, og óskaði þess að hann fengist til að starfa við útibúið framvegis. Taldi hún fyrir sitt leyti ekki þörf á verslunarfróðum útíbússtjóra, þar sem framkvæmdastjóri félagsins hefir aðalstjórn og umsjón á hendi og bókfærsla verður sameiginleg við höfuðdeild þess hér.

Framkvæmdastjóri gjörði grein fyrir hugmyndum sínum um starfsemi félagsins í ýmsum atriðum næstu ár, einkum sambandi við útibúið á Stórolfshvoli.

Í fyrsta lagi kvað hann sér leika hug á að félagið gjöri tilboð og nái samningum við Mjólkurbú Ölfusinga Hveragerði um að takast á hendur mjólkurflutninga úr Fljótshlið og Hvolhreppi til mjólkurbúsins. einkum með hliðsjón af því að nota mætti mjólkurflutningsbílana til vöruflutnings austur samhliða mjólkurflutningunum vestur. Mundi mega flytja allt að smálest af vörum austur í hverri ferð. Taldi hann vænlegast að skipa vörum þessum upp í Eyrarbakka og fá þær geymdar þar hjá Kaupfélagi Árnesinga, sem mun hafa þar nóg húsrúm og er fúst til samvinnu; flytja þær síðan að Ölfusá í veg fyrir mjólkurbílana. Mundi þetta verða talsvert ódýrara en að flytja vörurnar frá Reykjavík. Í öðru lagi var rætt um nauðsyn þess að bifreiðaflutningar hér í sýslunni verði skipulagðir, þannig að eigendur bifreiða hér í sýslu sameinist í félagsskap með sameiginlegri afgreiðslustöð; væri hún best sett í sambandi við kaupfélagið á Stórolfshvoli, og mundi jafnframt auka og tryggja viðskipti þess.

Í þriðja lagi var við því búist að Kaupfélagið mundi á sínum tíma taka að sér póstafrgiðslu í útíbúshúsinu...

Í fjórða lagi gjörði framkvæmdastjóri grein fyrir tilraunum sínum um samvinnu við Sláturfélag Suðurlands í Reykjavík. Væri sú ætlun sín, að fá menn framvegis til að gefa loforð um vissa fjártölu til sláturhússins, til greiðslu á nauðsynjum sínum í félaginu, og gefa ávísanir á fjárverð sitt, sem gengi þá beint til Kaupfélagsins frá sláturhúsinu. Ætti þessi samvinna að verða báðum félögum til hagnaðar.

Í fimmta lagi leit stjórnin svo á að brýn nauðsyn væri að fá bæði vatn og síma í verslunarhúsið á Stórolfshvoli þegar á næsta vori. Kvað framkvæmdastjóri enn órannsakað á hvern hátt hagkvæmast væri að fá vatn í húsið, hvort heldur með því að grafa brunn við húsið eða leiða vatn frá Stórolfshvoli. En símann mundi mega fá lagðan frá Stórolfshvoli."

## Fyrsta lóðaúthlutun á Hvolsvelli

Árið eftir- að búðin er byggð í Hvolsvelli er svohljóðandi bókað í sýslufundargerð:

Á fundi sem hófst 14. apríl 1931 birti sýslumaður leigusamning við Kaupfélag Hallgeirseyjar um lóð úr landi Stórolfshvols til að byggja á henni verslunar- og íbúðarhús. Lóð að stærð 3600 fermetrar var leigð til sjötíu og fimm ára.

Hafði oddviti gengið frá samningi að áskildu samþykki nefndarinnar, þessi samningur var samþykktur með sex samhljóða atkvæðum.

## Afsláttur og aukið vöruval

Vorið 1931 gaf framkvæmdastjórinn, Ágúst Einarsson frá Miðey, „...ítarlegt yfirlit um ýmsar hugmyndir um breytta og aukna starfrækslu einkum í sambandi við útibúið á Stórolfshvoli, svo sem um skipulagða flutninga í sambandi við mjólkurflutningana, sem félagið hefir nú tekið að sér. Þá tók til máls Guðjón Jónsson í Tungu. Lýsti hann ánægju sinni yfir stofnun útibúsins og vonaði að það mundi verða til þess að styrkja félagið í framtíðinni og fleyta því gegnum þá kreppu sem nú ríkir. Í sama streng tóku Sigurþór Ólafsson (í Kollabæ) og Bergsteinn Ólafsson (á Argilstöðum). Hvatti Sigurþór til þess að félagið hefði sem fjölbreyttastar vörur svo að ekki þyrfti að sækja annað.

Að lokum var borin upp svofelld tillaga og samþykkt einhljóða:

„Fundurinn telur rétt að félagið selji lægra verði þær nauðsynjavörur sem borgaðar eru við móttöku en hinar sem teknar eru í reikninga. Sérstaklega lítur fundurinn svo á að veita beri afslátt á þeim vörum sem keyptar eru í sandi. Felur fundurinn framkvæmdastjóra nánari framkvæmd þessa máls.“

Þá vakti Sæmundur Ólafsson, Lágafelli, máls á því hvort ekki væri rétt að gera mismun á kaupi manna við uppskipun, þannig að borga herra kaup fyrir vinnu á sjó en í landi, og óskaði að þetta yrði tekið til athugunar í framtíðinni.“

"Árið 1931, fimmtudaginn 30. apríl, var, að afloknum aðalfundi Kaupfélags Hallgeirseyjar, haldinn stjórnarfundur á sama stað, til að kjósa formann og varaformann fyrir næsta ár. Kosningu hlutu: Formaður Sigurður Vigfússon [á Brúnum] og varaformaður Sigurþór Ólafsson, báðir með samhljóða atkvæðum."

Gunnar Vigfússon frá Flögu í Skaftártungu varð bókhaldari í Hallgeirsey 1922, mikill hæfileikamaður. Hann bókaði fundargerðir í Hallgeirsey. Hann starfað í Hvolsvelli í nokkur ár, en varð síðan skrifstofustjóri Kaupfélagi Árnesinga á Selfossi.

## Óglæsilegar horfur – kreppir að

Skömmu fyrir jólin árið 1932 er fundur settur í stjórn Kaupfélagsins og haldinn í Fljótshlíðarskóla. Við gripum niður í fundargerðina:

„Framkvæmdastjóri félagsins las upp og skýrði ástand og horfur félagsins eftir því sem gögn lágu fyrir. Taldi hann ástandið erfitt og horfurnar óglæsilegar. Gat hann meðal annars um það að fyrirsjáanlegt væri að félagið mundi auka skuldir sínar út á við um 10-15 þúsund kr. á yfirstandandi ári og væru þá ekki taldir með áfallnir vextir á skuldir.“

Eftir allmiklar umræður um þessa tvo liði var af framkvæmdastjóra félagsins borin fram eftirfarandi tillaga:

„Fundurinn ályktar að halda starfsemi kaupfélagsins áfram næsta ár svo fremi hægt sé að fá rekstursfé til starfsrækslunnar og ekki koma fram nú ófyrirsjáanlegar hindranir.“

Var tillagan samþykkt í einu hljóði.“

## **Er framtíðin á Hvolsvelli?**

„Þá var ennfremur af framkvæmdastjóra félagsins borin fram eftirfyljandi tillaga:

„Með því að allt virðist benda til þess að aðalverslun kaupfélagsins sé að færast frá Hallgeirsey að Stórólshvoli, og þar sem óhjákvæmilegt virðist að byggja yfir starfsmennina þar, ákveður fundurinn að flytja íbúðarhúsið í Hallgeirseyjarhjáleigu að Stórólshvoli á vori komanda, ef stjórn Ræktunarsjóðs Íslands samþykkir.“ Var tillagan samþykkt með 7 atkvæðum.“

Á þessum sama fundi var borin upp og samþykkt svohljóðandi tillaga:

„Fundurinn æskir þess fastlega að stjórn Sláturhússins í Djúpadal verði lögð undir Kaupfélagið og skorar fastlega á þá fulltrúa sína, sem líka eru deildarstjórar og fulltrúar Sláturhússins í Djúpadal, að hrinda því í framkvæmd.“

Ári síðar er ákveðið að halda áfram starfsemi félagsins undir Eyjafjöllum á sama hátt og síðast liðið ár, ef hægt verður að koma vörum þangað á komandi vori (sjóleiðis) og að hafa í Hallgeirsey samskonar útibú, ef meiri hluti félagsmanna óskar þess.

„Framkvæmdastjóri benti á að í versluninni í Hallgeirsey væru nokkrar vörur sem væru lítils virði og ekki gengju út. Mundi vera réttast að selja sumt af keim á uppboði, en lækka verð á öðrum og gjöra tilraun um að selja þær á þann hátt. En til þess að væntanlegt tap á þessum hlutum yrði ekki til þess að valda halla í rekstri félagsins þetta ár, taldi hann tiltækilegt að verja úr varasjóði nokkru fé, t.d. allt að 2000 kr., til að mæta þessu tjóni.“

## **Stórólshvolskirkja- fagur kirkjustaður**

Stórólshvolskirkja var byggð árið 1930 úr timbri, bárujárnsklædd. Vígð af Jóni Helgasyni, biskupi. Yfirmsiður var Guðmundur Þórðarson, trésmiður frá Lambalæk í Fljótshlíð. Kirkjan var síðan mjög mikið endurnýjuð árið 1955. Þá var byggt við hana skrudhús, sett í hana söngloft og rafmagnsupphitun. Síðan var hún fagurlega máluð og skreytt af hjónunum Jóni og Grétu Björnsson. Kirkjan var helguð Maríu og Ólafi konungi.

Stórólshvolsprestakall var lagt niður 1859 og lagt undir Keldnaþing. Síðan voru Keldna- og Stórólshvolssóknir lagðar undir Odda árið 1880.

Kirkjustæði er fagurt á Stórólshvoli. Horfa þar kirkjudyr við ört vaxandi byggð í Hvolsvelli.

Stórólshvolskirkja er fátæk af gömlum kirkjumunum. Altaristaflan er eftir Þórarin B. Þorláksson frá 1914, en eldri altaristaflan er í vörslu Þjóðminjasafns Íslands. Skírnarfontur og altarisklæði voru gefin af Kvenfélaginu Einingu árið 1956. Einnig söfnuðu kvenfélagskonur fé til kaupa á veglegum

Ljósahjálmi, sem gefinn var til minningar um Margréti Þorsteinsdóttur sýslumannsfrú. sem andaðist 1961.

Stórólshvolskirkja var endurvígð eftir enduruppbygginguna og breytingarnar 1955 af Ásmundi Guðmundssyni biskupi.

Áður fyrr voru kirkjur á þremur stöðum í Hvolhreppi, á Stórólshvoli, Efra-Hvoli og á Móeiðarhvoli.

Í gömlu kirkjunni á Stórólshvoli messaði sá mikli andans maður, séra Matthías Jochumsson, sem um sex ára skeið var sóknarprestur, en sat Oddastað og lét byggja þar nýja kirkju.

Eigi verður séð í bókum kirkjunnar hvernig sjálf kirkjuvígslan 1930 fór fram, en víst er að þegar klerkahópur héraðsins gekk inn í nýja helgidóminn, ilmandi af nýjum viði, voru engin hús risin niðri í vellinum, þar sem nú er blómleg byggð, nema gamla kaupfélagsbúðin. Þar sem sýslumannshúsið stendur var fjárhús frá héraðslækninum á Stórólshvoli.

## Mínum sorgargrát hefur þú snúið í dans

Árið 1548 vara bæjarbruni á hinu forna höfuðbóli, Stórólshvoli. Þar bjó þá ekkja Vigfúsar sýslumanns Gíslasonar, Katrín, sem nefnd var hin ríka, Erlendsdóttir. Annálar segja að meiri gersemar og verðmæti munu vart hafa eyðilagst í eldi á Íslandi en í þessum mikla bruna. Nefnd eru merk handrit, dýrmætir skartgripir og bókakostur. Sonarsonur Katrínar ríku, Þórður Jónsson biskup á Hólum, gaf altaristöfluna veglegu til minningar um fósturu sína og ömmu. Á töfluna er máluð mynd af Katrínu, þar sem hún krýpur að krossi lausnarans. Ramminn utan um myndina er fagurlega málaður og skreyttur. Þar er skráð vers sem svona byrjar: „Mínum sorgargrát hefur þú snúið í dans. Þú hefur minn hryggðarsekk sundur slitið og umgirt með fögnuði, svo að mín dýrð syngi þér lof og þagni ekki. Drottinn, Guð minn að eilífu vil ég þér þakkir gjöra." Neðan við myndina er letrað: „Hér hvílir líkami göfugrar og dyggðum prýddrar höfðingskvinnu, Katrínar Erlendsdóttur, hver eftir 12 ára kristilegt hjónaband með sínum hjartkæra ektamanni, Vigfúsi Gíslasyni, í guðsrækilegu ekkjstandi lífði í fimmtíu ár og síðan Drottinn sætlega burt sofnaði á 81. ári síns aldurs, anno Christi 1693" o.s.frv. Talið er að á Stórólshvoli hafi verið stafkirkja, eins og kirkjan var í Odda og á Breiðabólstað. Einkenni þeirra var margbrotin þakgjörð.

Á sjöttíu ára tímabili hafa fjórir prestar þjónað á Stórólshvoli:

Erlendur Þórðarson frá 1918 – 1946

Arngrímur Jónsson 1946 - 1964

Stefán Lárusson 1964 - 1991

Sigurður Jónsson 1991

Í sýslu- og sóknarlýsingum Rangárvallasýslu er getið um þessar hjáleigur frá Stórólshvoli:

Djúpadalur

Norðurgarður

Króktún



Litlagerði

Stóragerði

Magrivöllur

Kornhús

Þinghólsgil

Gata

Ormsvöllur

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er sagt að kirkjan eigi hálfan reka við Skálholtsdómkirkju fyrir Fitjarlandi í Eystri-Landeyjum og tvö skógaritök í Næfurholtslandi, sem kölluð voru Hvolsskógar.

## Fyrsta byggingarnefnd Stórólshvolsjarða

Það var laugardaginn 2. september árið 1933 sem allir sýslunefndarmennirnir í héraðinu voru saman komnir í stofunni hjá Björgvini sýslumanni á Efra-Hvoli, en hann hafði boðað til þessa aukafundar með nægum fyrirvara.

Fundurinn hafði ein sjö mál til meðferðar þennan síumardag. Um mál sem merkt er nr. 4 er svohljóðandi bókun: „Oddviti lagði til að sýslunefnd kjósi byggingarnefnd fyrir Stórólshvolsseignina tvo menn til þess að vera í ráðum með oddvita um að byggja jarðir þær, sem eru innan eignarinnar, þegar þær losna úr ábúð, taka ákvarðanir um byggingu lóða og landa til ræktunar, ef þess verður farið á leit, félagsvatnsveitu til húsparfa og notkun vatns til áveitu o.fl. allt að áskildu samþykki sýslunefndar.“ Það er ekki að orðlengja að sýslunefndin kaus Skúla Thorarensen á Móeiðarhvoli, oddvita sveitarinnar og sóknarprestinn, séra Erlend Þórðarson í Odda, en þetta var fyrsti fundur séra í Erlendar nefndinni. Hann hafði hlotið kosningu á manntalsþingi vorið 1933. Séra Erlendur var þá í stjórnarnefnd sjúkraskýlisins á Stórólshvoli.

## Rannsókn á Króktónslind

Sjöunda og síðasta málið á þessum septemberfundi er svohljóðandi í bókun:

„Byggingarnefnd Stórólshvols leggur til, að gefnu tilefni frá Ágúst kaupfélagsstjóra Einarssyni, að vatnsveita úr Króktónslind verði gjörð í haust að Stórólshvoli og nýbyggðinni í Hvolsvelli, ef ítarleg rannsókn leiðir í ljós að nægilegt vatn sé í lindinni handa þeim heimilum, sem um er að ræða og fyrsti veðréttur fái í þeim húsum, sem vatnið er leitt til, til tryggingar skilvísri greiðslu vatnsskattsins, sem sé ákveðinn svo hár að hann beri uppi vexti og afborganir af stofnkostnaði svo og fyrning og viðhald.“ Þessi tillaga var samþykkt með átta atkvæðum.

Þessi fyrsta vatnsveita kostaði kr. 2.447,50 og árið 1934 var ákveðið að verja kr. 40,00 til stækkunar á vatnsbólínu. Það er næsta ótrúlegt að verslun hafi verið starfrækt í ein þrjú ár án þess að hafa rennandi vatn. Læknisbústaðurinn á Stórólshvoli nýtur nú góðs af nýju vatnsveitunni og Spítalinn. Þar sem fimm sjúkrahús búi drifhvítum sængurfötum standa og sjúklingarnir sem í þeim hvíla lifa í von um bata og bjarta daga. Spítalinn stóð bakvið læknisbústaðinn á Stórólshvoli, nánast fast við

Bjallann. Vatnsveitan er einnig lögð í barnaskólann og þinghúsið að Kornhúsum. Verkstjórinn sem skrófar saman vatnsrörin er norskur og ber nafnið Jóhann Nordhagen. Hann kom til Íslands til þess að verða vinnumaður hjá stórbóndanum á Stóra-Hofi, Guðmundi Þorbjarnarsyni, sem síðar varð einn af stofnendum Kaupfélagsins Þórs á Hellu.

## Vatnsskatturinn

Fljótlega eftir að norskri vinnumaðurinn á Stóra-Hofi hefur skrófað saman pípurnar er ákveðið hver vatnsskatturinn á að vera. Af íbúðarhúsinu Arnarhvoli ber að greiða á hinum fyrsta degi mánaðarins kr. 11,00 og af verslunarhúsinu kr. 5,00, en bílstjóri Kaupfélagsins, Sigurður Sveinbjarnarson frá Torfastöðum á að greiða fyrir húsið sitt kr. 2,50 á mánuði. Litli-Hvoll hét húsið hans Sigurðar, annað íbúðarhúsið, sem byggt var í Hvolsvelli. Húsið byggði Ísleifur Sveinsson bóndi í Miðkoti, sem árið 1942 fluttist út í Hvolsvöll og settist þar að og byggði yfir sig og fleiri. Hann var einn af frumbýlingunum og hans fólk. Litla-Hvolshúsið var flutt í heilu lagi inn á Þórsmörk, fékk þar nafnið Merkursel og var fyrsta sæluhús Austurleiðar, sem síðar byggði fríða húsaröð þjónustuhúsa við mynni Húsadals.

En lítum nú á fyrsta lánið sem sýslusjóður tók vegna vatnsveitunnar. Það er enginn annar en sjálfur vegamálastjórinn, Geir G. Zoega, sem tók lánið, en Geir sá um brúargerðina á Eystri-Rangá og hélt þá til hjá sýslumannshjónunum á Efra-Hvoli.

(Original bls. 22:)

Lán það að upphæð 3000.00,

sem vegamálastjóri G.G. Zoega

tók fyrir Rangárvallas. 6/2 1934,.

var ráðstafað þannig:

<u>1. Þingl. og st.gj</u>	<u>kr. 9.00</u>
<u>2. Til K./F. Hallgeirseyjar</u>	<u>-2305.85</u>
<u>3.- Jóh. Nordhagen</u>	<u>- 141.60</u>
<u>4.Lagt inn í sparisj. Rvsýslu 4/2 '35</u>	<u>- 281.99</u>
<u>5. Greitt 1 gj. til Búnb(?)4/2 '35</u>	<u>- 261.56</u>

Alls: kr. 3000.00

Falleg rithönd Páls Björgvinssonar

## Fyrsti fundur bygginganefndar

..Ár 1933, mánudaginn 11. september, var bygginganefnd Stórólshvols stödd í þinghúsi Hvolhrepps að Stórólshvoli. Í nefndinni eiga nú sæti: Sýslumaður Björgvin Vigfússon, og sýslunefndarmennirnir

séra Erlendur Þórðarson í Odda, og Skúli Thorarensen bóndi á Móeiðarhvoli. Til fundarins hafði boðað formaður nefndarinnar, sýslumaður Björgvin Vigfússon.

Var tekið fyrir:

Að taka ákvörðun um vatnsleiðslu frá Króktúnslind að Stórólshvoli, til íbúðarhúss og spítala, til verslunar og íbúðarhúss á lóð Kaupfélags Hallgeirseyjar og til íbúðarhúss Sigurðar Sveinbjarnarsonar og ef til kemur skóla og þinghússins í Kornhúsum...

Ennfremur lagði hann [sýslumaður] fram álit verkstjórans Joh. Nördhagens um vatnsmagn lindarinnar og loks árgjaldsreikning af 2500 króna höfuðstól, til greiðslu á 25 árum með rentufæti 6%. Sýndi sá útreikningur að árgjald yrði 178 krónur.

Formaður lagði og fram uppkast að samningi við vatnsnotendur. Þegar hér var komið mætti á fundinum Sigurður Sveinbjarnarson bifreiðarstjóri, sem er væntanlegur notandi hinnar umræddu vatnsleiðslu.

Kaupfélagsstjóri Kaupfélags Hallgeirseyjar, Ágúst Einarsson, féllst á að setja sem tryggingu fyrir væntanlegum vatnsskatti Kaupfélagsins á lóð þess, verslunarhús félagsins og pakkhús, með 1. fyrsta - veðrétti.

Árgjaldinu af væntanlegum lánum til vatnsleiðslunnar ákvað fundurinn að deila niður á vatnsnotendur eftir fasteignamati húsa notendanna á hverjum tíma. Bygginganefndin leggur til að formaður Bygginganefndar og oddviti sýslunefndar geri samninga við hvern einstakan vatnsnotanda, samkvæmt hinu framlagða uppkasti og bókuðum ákvörðunum hér að framan.

Bygginganefndin gjörir það einnig að tillögu sinni að oddviti sýslunefndar taki nauðsynlegt lán, til þess að greiða með kostnaðinn af hinni umræddu vatnsleiðslu, úr söfnunarsjóði eða á annan hátt og undirskrifa skuldabréf þar að lútandi fyrir hönd sýslunefndar.

Ennfremur leggur bygginganefnd til að vatnsleiðslufyrirtækinu verði haldið áfram á næsta vori, og lögð æð út frá þessari, sem komin er, að Stórólshvoli, til sjúkrahússins og íbúðarhússins, og ef þess verður óskað, til fundahússins á Stórólshvoli, með sama fyrirkomulagi um skattgreiðsluna, sem áður er sagt."

## **„Þar sem bændurnir brugga í friði" Löggæsla**

Dægurlag sem mikið var sungið á kreppuárunum hljóðar eitthvað á þessa leið: „Hér í borginni allt er á iði, en sveitinni er friður og ró, þar sem bændurnir brugga í friði, meðan Blöndal er suður með sjó." Björn Blöndal var löggæslumaður, sem átti að hafa strangt eftirlit með umferð á þjóðvegum og með því að áfengislöggjöfin yrði ekki brotin. Stórar fyrirsagnir voru í dagblöðunum á árunum eftir 1930 þegar Blöndal hafði komið upp um heimabrygg vítt og breitt um Suðurland, en aldrei voru bændur í Hvolhreppi orðaðir við þessa iðju og sjálfbjargarviðleitni.

Löggæslustörfín voru á þessum árum í höndum hreppstjóranna. Þegar hér er komið sögu er hreppstjórinn í Hvolhreppi Einar Einarsson bóndi í Vestri-Garðsauka, en hann var aðalhvatamaður um endurbyggingu Stórólshvolskirkju 1930 og átti góðan þátt í stofnun sláturhússins í Djúpadal.

Lítum nú á bréfið sem Björgvin Vigfússon fékk í byrjun októbermánaðar 1932. Það er undirritað afskrifstofustjóranum í Dómsmálaráðuneytinu, sem þá var Gizur Bergsteinsson frá Árgilstöðum. Bréfið skýrir vel að það kom skrekkur í marga þegar það fór eins og eldur í sinu að Björn Blöndal væri á ferðinni:

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Reykjavík. 8. október 1932.

Hér með eruð þér settur fyrst um sinn þangað til öðruvísi verður ákveðið til þess að vera löggæslumaður með aðalstöð í Reykjavík, undir yfirstjórn lögreglustjóra lögsagnarumdæma þeirra, er þér framkvæmið löggæslu í.

Þer yður að hafa á hendi lögreglustarf yfirleitt en sérstaklega er ætlast til að þér hafið strangt eftirlit með allskonar umferð á vegum úti, með því að áfengislöggjöfin sé ekki brotin, með velsæmi á samkomum og veitingastöðum við akvegina út frá Reykjavík, og gætið þess að ekki séu brotin ákvæði bifreiðalaganna og þeirra reglugjörða, er bar að lúta.

Þar sem um opinberar samkomur er að ræða og ölvaðir menn koma að, heimilast yður að vísa þeim burtu eða leiða þá fyrir dómara.

Leiki grunur á að bifreið flytji bruggað áfengi, þer yður að stöðva hana og flytja bifreiðina og menn þá, sem í henni eru, fyrir dómara.

M. Guðmundsson

Gizur Bergsteinsson

Til

herra Bjarnar Blöndal

## **Rakel Ólafsdóttir sækir um lóð undir veitingaskála**

Meðan enn voru aðeins tvö íbúðarhús 1 Hvolsvelli og framtíð staðarins óráðin, sá þekkt og virt veitingakona, Rakel Ólafsdóttir, að í Vellinum yrði miðstöð. Rakel rak mikinn veitingarekstur í Reykjavík. Hún var móðir Ragnars Jónssonar, sem kenndur var við Þórskaffi og Valhöll á Þingvöllum, og Ólafs bónda í Oddhóli.

Ár 1934, sunnudaginn 3. júní, var bygginganefnd Stórolfshvols saman komin að Stórolfshvoli.

Nefndin var öll mætt á fundi.

Formaður lagði fram bréf frá Ólafi Sigurðssyni í Háabæ, þar sem hann fer þess á leit fyrir hönd frænku sinnar í Reykjavík að fá leyfi til þess að fá lóð leigða undir veitingaskála í Hvolsvelli á vegamótum Þjóðveggarins og Fljótshlíðarveggar. Nefndin sér sér ekki fært undir núverandi kringumstæðum að verða við þessum tilmælum, vill ógjarnan binda fleiri lóðir í Stórolfshvolslandi fyrir næsta aðalfund sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu. Fleira ekki fyrirtekið. Fundi slitið.

Björgvin Vigfússon, Skúli Thorarensen, Erlendur Þórðarson"

## Stofnfundur um símafélag

„Ár 1934, laugardaginn 28. aprílmánaðar kl. 1 e.h., var fundur settur í þinghúsi Hvolhrepps að Stórolfshvoli og haldinn af oddvita sýslunefndarinnar í Rangárvallasýslu, sýslumanni Björgvini Vigfússyni, til þess að bera undir atkvæði fundarins frumvarp til „samþykktar“ um stofnun einkasímafélags á takmörkuðu svæði innan Hvolhrepps og Rangárvallahrepps, er sýslunefndin í Rangárvallasýslu hafði samið á síðastliðnum aðalfundi sínum að fengnum tillögum landssímastjóra.

Á fundinum eru mættir, sem væntanlegir félagsmenn:

A. Úr Hvolhreppi.

1. Oddviti sýslunefndar f.h. héraðslæknisins á Stórolfshvoli.
2. Ágúst Einarsson kaupfélagsstjóri Stórolfshvoli f.h. Kaupfélags Hallgeirseyjar.
3. Skúli Thorarensen bóndi á Móeiðarhvoli.
4. Páll Björgvinsson Efra-Hvoli, f.h. Sláturhússins í Djúpadal.
5. Einar hreppstjóri Einarsson í Vestri-Garðsauka.
6. Ólafur bóndi Jónsson í Götu.
7. Sveinn bóndi Sveinsson á Kotvelli.
8. Sigfús kennari Sigurðsson á Þórunúpi.
9. Gunnar bóndi Jónsson á Velli.
10. Bergsteinn oddviti Ólafsson á Árgilsstöðum.

B. Úr Rangárvallahreppi.

1. Séra Erlendur Þórðarson í Odda.
2. Elías Steinsson bóndi í Oddhól.
3. Oddviti Rangárvallahrepps f.h. Strandar.
4. Egill Jónsson bóndi á Stokkalæk.
5. Skúli Guðmundsson bóndi á Keldum.
6. Gísli Nikulásson bóndi í Lambhaga.

7. Árni Helgason bóndi í Fróðholtshjáleigu.

Af væntanlegum símanotendum voru fjarverandi:

Eyjólfur Finnbogason bifreiðarstjóri á Vegamótum og Sigursteinn Þorsteinsson kaupmaður í Djúpadal.

Frumvarpið var samþykkt með öllum atkvæðum þeirra 17 manna sem á fundinum voru mættir, en þó með fyrirvara frá Ágústi kaupfélagsstjóra Einarssyni f.h. Kaupfélags Hallgeirseyjar og Einari hreppstjóra Einarssyni í Vestri-Garðsauka, að þeir fái greitt upp í stofnkostnað lína sinna."

## Landsímastjóri skrifar sýslunefndinni

Á sýslufundi 1935 las sýslumaður upp bréf frá landsímastjóra þar sem Póstur og sími fara fram á að fá landsspildu úr Stórólshvolslandi, helst ekki minna land en 40 hektara undir fyrirhugaða síma- og póststöð við vegamótin í Hvolsvelli. Sýslunefndin fól bygginganefnd Stórólshvols að semja við landsímastjóra, ef til kæmi.

Póst og símastöðvarhús var byggt í Hvolsvelli 1942, af Guðna Markússyni bónda í Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð. Hann byggði árið 1938 embættisbústað fyrir Björn Fr. Björnsson, og 1944 byggði hann læknisbústaðinn á Stórólshvoli.

Þegar Landssími Íslands bað um 40 hektara af landi úr Stórólshvolstorfunni, var miðað við að símastjórinn hefði grasnytjar, en algengt var á þessum árum að embættismenn hefðu eina til tvær kýr til búdrýginda, til dæmis hafði Björn Fr. Björnsson tvær kýr og heyjaði eða lét heyja svokallað sýslumannstún, sem að nokkuð stórum hluta hefur farið undir Nýbýlaveginn og íbúðarhús umhverfis hann.

Þegar gengið var frá lóðamálinu við Landssímamann var Páll Magnússon settur sýslumaður um þriggja vikna skeið. Páll var fæddur að Þingmúla í Skriðdal 27. september 1891, sonur Magnúsar Blöndals prests í Vallanesi. Páll varð mörgum árum síðar formaður stóreignaskattsgjaldenda.

(mynd af símastöðinni)

## Seljum ekki land undir símastöð

„Ár 1936, föstudaginn 22. maímánaðar var bygginganefnd Stórólshvolsjarða saman komin að Efra-Hvoli. Í bygginganefnd eiga nú sæti: Settur sýslumaður Páll Magnússon, sem oddviti sýslunefndar, og sýslunefndarmennirnir Skúli Thorarensen á Móeiðarhvoli og Guðmundur Erlendsson á Núpi, kosnir af sýslunefnd.

Þetta gjörðist á fundinum:

1. Sýslumaður lagði fram bréf póst- og símamálastjóra, dags. 8. maí ásamt tvíritudu uppkasti af kaupsamningi um kaup á landsspildu úr Hvolsvelli fyrir væntanlega póst- og símastöð.

Nefndin lætur þess getið að póst- og símamálastjóri hafi verið hér á ferð þegar síðasti aðalfundur sýslunefndarinnar var haldinn í fyrra mánuði, og hafi hann þá átt tal um þetta mál við bygginganefnd. Hafi nefndin viljað leigja landið, en það orðið úr að nefndin gekk inná að gefa kost á landi til sölu fyrir 2000 krónur. Þá hafi ekki unnist tími til þess að ræða til fullnustu um það með hvaða skilyrðum eða

kvöðum landiyrði selt að öðru leyti. Ennfremur hafði þá heldur ekki verið leitað neins samkomulags við ábúendur hlutaðeigandi jarða um þessa fyrirhuguðu ráðstöfun á landinu.

Í því samningsuppkasti er fram hefur verið lagt frá póst- og símamálastjóra, er gjört ráð fyrir skilorðslausri og kvaðalausri sölu á landinu, en inná slíka sölu telur nefndin sér ekki fært að ganga. Hin telur í fyrsta lagi að tilgangur símamálastjóra með umráðarétti yfir landinu hafi aðeins verið sá að fá þar byggingarlóð fyrir póst- og símastöð, og hæfilega mikið land til ræktunar og grasnytja fyrir væntanlegan póst- og símastöðvarstjóra, enda vill nefndin ekki afhenda landið hvort sem yrði með sölu eða leigu til annarra afnota. Það er enn sem áður álit nefndarinnar að heppilegasta form á slíkum samningi sé leigu- eða erfðafestusamningur; er því hvor leiðin sem er opin, hvað nefndina snertir.

Ef um erfðafestusamning yrði að ræða, mundi nefndin samþykkja fyrir sitt leyti að ársleiga yrði 150 krónur, en hvort samningsformið sem notað verður er það ófrávíkjanlegt skilyrði frá hálfu nefndarinnar að ákvæði verði sett um það í sölu eða leigusamningi að ekki fylgi réttur til þess að selja eða leigja úr landinu lóðir til bygginga eða í öðru skyni, og að sýslunni verði áskilinn í báðum tilfellum forkaupsréttur að landinu eða afnotarétti þess, ef til eigendaskipta kæmi eftir mati dómkvaddra manna."

## **Póstur og sími tryggja sér land í Hvolsvelli**

„Kaupsamningur“

Sýslunefnd Rangárvallasýslu selur og afsalar póst- og símamálastjórninni alla þá landspildu, sem Stórólshvoll á sunnan aðalvegarins, eins og hann nú liggur, eins og sýnt er á viðheftum uppdrætti, ásamt 35 x 40 m = 1400 fermetra lóð í horninu, þar sem Fljótshlíðarvegur og aðalvegurinn mætast, norðan aðalvegar og austan Fljótshlíðarvegar, eins og sýnt er á sama uppdrætti. Lóðin er rétthyrndur ferhyrningur, 40 m meðfram aðalveginum og 35 m meðfram Fljótshlíðarveginum, hvorttveggja talið frá vegarskurðsbarmi.

Ennfremur fylgir með í kaupunum réttur til vatnstöku (sýslunefnd ábyrgist þó ekki að vatn sé nægilegt) og til vatnsæðarlagningar gegnum landið ofan aðalvegar frá núverandi vatnsæðargreiningu hjá kaupfélagshúsunum, en fyrir vatnstökuna komi hlutfallslegt árlegt gjald á móts við aðra vatnsnotendur, en til samans er gjald vatnsnotenda kr. 322,00 á ári.

Hin selda eign er óveðbundin.

Kaupverðið, sem póst- og símamálastjórnin greiðir fyrir framangreinda landspildu, lóð og réttindi, er kr.

2000,00 -- tvö þúsund krónur og með því að kaupverðið er þegar greitt sýslunefnd Rangárvallasýslu, er póst- og símamálastjórnin réttur eigandi landspildu þessarar samkvæmt framanrituðu.

Kaupanda skal vera endurgjaldslaust heimil taka byggingarefna í landi Stórólshvols, svo og efna til uppfyllinga á hinni seldu lóð. Töku á efni þessu skal þó hagað í samráði við bygginganefnd og leiguliða Stórólshvols. Einnig ábyrgist sýslunefnd að ekki verði í Stórólshvolsslandi byggt þannig, að til бага geti orðið fyrir símalínur, er lagðar kunna að verða áður en byggt er á hverjum tíma.

Sýslunefnd Rangárvallasýslu svarar til vanheimilda og rísi ágreiningur útaf kaupum þessum skal málið rekið fyrir gestarétti Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveim samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sinu.

Reykjavík, 4. maí 1937.

f.h. Póst- og símamálastjórnarinnar (Sign.) G. J. HLÍÐDAL

Í bygginganefnd Stórolfshvols. Hjálmar Vílhjálmsson, Skúli Thorarensen, Guðmundur Erlendsson"

Það er athyglisvert að þeir sem undirrita kaupsamninginn eiga ekki heima í Hvolsvelli.

Það dróst til ársins 1942 að póst- og símstöð yrði byggð í Hvolsvelli. Árið 1943 fluttust þau hjónin Margrét Sæmundsdóttir og Árni Einarsson frá Miðey í AusturLandeyjum í Hvolsvöll. Árni varð símstöðvarstjóri og gegndi um langt árabíl sveitarstjórnarstörfum í Hvolhreppi.

## Fyrsta íbúðarhúsið - Arnarhvoll

Í ágústmánuði 1932 var vígð brú yfir Þverá og um haustið voru einnig byggðar brýr yfir Affall og Ála. Um þessar mundir urðu miklar framfarir í vegamálum. Vegamótin þar sem Hvolsvallarkauptún byggðist urðu þýðingarmikil, þar sem vegurinn greindist nú um Landeyjasveitir, Eyjafjöllin og Fljótshlíðina. Þetta ár var byggt fyrsta íbúðarhúsið í Hvolsvelli og nefnt Arnarhvoll. Ekki er ólíklegt að nafnið sé hið sama og á Arnarhvolsbyggingu ríkissjóðs í Reykjavík, sem þá þótti hið mesta stórhúsi og var þá nýlega tekið í notkun. Húsið mun hafa teiknað Jóhann Franklín Kristjánsson, en hann teiknaði íbúðarhúsið að Tilraunastöðinni á Sámsstöðum og barnaskólahúsið að Strönd á Rangárvöllum. Hann var á þessum árum byggingaráðunautur Byggingar- og landnámsjóðs. Hann fann upp aðferð við að gera húsveggi tvöfalda úr steinsteypu. Arnarhvolshúsið er þannig byggt að veggir eru tvöfaldir, en á milli þeirra var sett þurrt reiðingstorf til einangrunar.

Jóhann Franklín fann einnig upp miðstöðvar-eldavél, sólóvélina, sem víða var á bæjum fram að þeim tíma sem rafmagn var leitt um héraðið.

Líkt í sniðum og Arnarhvoll mun íbúðarhús kaupfélagsstjórans í Hallgeirseyjarhjáleigu hafa verið, enda er í fundargerðum kaupfélagsins ætíð talað um að flytja kaupfélagsstjórabústaðinn.

Það er hinn 18. desembermánaðar 1933 sem aðseturstilkynning berst til séra Erlendar Þórðarsonar sóknarprests og Skúla Þorsteinssonar Thorarensen oddvita á Móeiðarhvoli um fyrstu fjölskylduna sem skráð er til heimilis að Hvolsvelli. Það er Ágúst Einarsson kaupfélagsstjóri, 35 ára, og sonur hans frá fyrra hjónabandi. Einar, sem síðar á eftir að verða lögfræðingur, bankastjóri, alþingismaður, utanríkisráðherra og sendiherra. Hann er þá 11 ára. Móðir hans var Helga Jónasdóttir frá Reynifelli á Rangárvöllum, systir héraðslæknisins. Helga, sem er farsæll læknir, en á þá eftir að verða þingmaður héraðsins. Síðari eiginkona kaupfélagsstjórans heitir Edel og er 26 ára. Í heimilinu hjá hjónunum er bókarinn frá Hallgeirsey, Gunnar, en hann á eftir að giftast heimasætu frá næsta bæ, Eystri-Garðsauka, Oddbjörgu Sæmundsdóttur. Gunnar er 31 árs og hefur, eins og kaupfélagsstjórinn, misst fyrri konu sína, Maríu Brynjólfsdóttur frá Krosshjáleigu í AusturLandeyjum. Kaupfélagstjóraráðgjafi hjónin eiga eftir að búa í þessu stílhreina húsi fram að vordögum 1941.



Á þessu ári (1933) er heimili og varnarþing Kaupfélags Hallgeirseyjar flutt að Stórolfshvoli, en í Hallgeirsey hafði verið löggiltur verslunarstaður frá árinu 1897. Við Holtsós í Vestur-Eyfjallahreppi varð löggiltur verslunarstaður árið 1905, en þar hafði Kaupfélagið vörugeymslu og afgreiðslu á öllum helstu nauðsynjavörum meðan vöruflutningar fóru enn fram sjóleiðis.

## Litli Hvoll

Sumarið 1933 var annað íbúðarhúsið í Hvolsvelli byggt. Það var lítið bárujárnsklætt timburhús og nefndi eigandi þess það Litla-Hvol. Húsið smíðaði Ísleifur Sveinsson, bóndi og trésmiður frá Miðkoti í Fljótshlíð. Hann kemur síðar við sögu Hvolsvallarbyggðar, sem húsasmiður, og ekki síður vegna mikils áhuga á trjárækt.

Í desembermánuði 1934 er önnur fjölskyldan skráð til heimilis í Hvolsvelli. Húsbóndinn heitir Sigurður Sveinbjarnarson frá Torfastöðum í Fljótshlíð, 27 ára, og eiginkona hans er Aðalbjörg Sigfúsdóttir, 22 ára, frá Helluvaði í Rangárvallahreppi. Þau eiga þegar hér er komið sögu 1 árs dreng, sem skírður hefur verið föðurnafni húsmóðurinnar og heitir Sigfús. Sigurður var hálfbróðir Óskars, sem stofnsetti með öðrum Austurleið, og systkinanna frá Torfastöðum, Sveinbjörns bifreiðastjóra, Sigurjóns bifvélavirkja og Önnu sem var húsfreyja á Torfastöðum. Margir áttu eftir að eiga heima í þessu litla, notalega húsi. Nefna skal nokkra: Gunnar Vigfússon frá Flögu í Skaftártungu og Oddbjörg Sæmundsdóttir, Björn Fr. Björnsson sýslumaður og kona hans, Margrét Þorsteinsdóttir frá Hrafnatóftum. Löngu síðar Guðjón Tómasson. síðar starfsmannastjóri hjá Landsvirkjun. og kona hans Kristín Ísleifsdóttir frá Miðkoti í Fljótshlíð. En lengst allra bjó þar Gísli Jónsson frá Ey í Vestur-Landeyjum. sem fluttist í kaптúnið 1938 með eiginkonu sinni Guðrúnu Þorsteinsdóttur. Hún ólst upp í Reykjavík, en foreldrar hennar áttu ættir að rekja vestur í Dýrafjörð.

Gísli frá Ey var hinn mesti hagleiksmaður. Aðalstarf hans var í pakkhúsinu, en hann varð einnig frystihússtjóri, gætti að og hugsaði um ljósavél, lagði miðstöðvar í fjölda húsa vítt og breitt um Rangárþing og vann við raflagnir og akstur. Árið 1962 stofnaði hann með fjölskyldu sinni matvöruverslun í Hvolsvelli, sem hann nefndi Hagkjör, og rak þá verslun um nokkurra ára skeið. Árið 1966 fluttist Gísli og fjölskylda hans til Hafnarfjarðar og stofnuðu þau þar enn stóra matvöruverslun og ráku um árabíl. Síðar fór Gísli aftur að vinna að pípuögnum, hjá skipasmíðastöðinni Stálmík. Gísli og Guðrún, kona hans, settu svip á kaптúnið um langt árabíl. Börn þeirra hjónanna voru meðal þeirra fyrstu sem ólust upp í Hvolsvelli. Gísli, eins og margir af frumbýlingunum, lagði gjörva hönd á margs konar verk.

Ekki var uppbyggingin ör í Hvolsvelli. Frá árinu 1933 til 1937 bættist ekkert við byggðina, utan að þá þótti veglegt vörugeymsluhús, sem síðar átti eftir að hýsa hina fjölskrúðugustu starfsemi, svo sem ljósavélar, frystihús, kjötsölu, saumastofu 1993, er geymsluhólf fyrir þorpsbúa, trésmiðju og fyrir ullarvörur og síðar mokaaskinnkápur. Nú. þessu húsi Tónlistarskóli Rangæinga og aðstaða til tómskundaiðkunar.

Árið 1937 er þriðja íbúðarhúsið byggt, vestan við Litla-Hvol. Enn kemur innan úr Fljótshlíð húsasmiður, Guðni Markússon bóndi í Kirkjulækjarkoti, hörkuduglegur, fjölhæfur maður, sem tíu árum síðar gerist forstöðumaður Hvítasunnusafnaðarins í sýslunni.

## Priðja húsið rís af grunni

Í bókum bygginganefndar er skráð:

..Ár 1937, þriðjudaginn 29. júní, kom bygginganefnd Stórólshvols saman að Litla-Hvoli. Nefndarmenn voru allir mættir. Á fundinum gerðist þetta:

1. Lagt fram bréf Ísleifs Einarssonar, dags. 25. maí þ.á., þar sem hann óskar eftir að fá byggingarlóð í landi Stórólshvols. Bygginganefndin samþykkti að verða við þessari ósk þannig að Íleifur fengi lóðarspildu að breidd allt að 40 m í vestur frá hornstólpum Litla- Hvolslóðarinnar, frá gamla Fljótshlíðarvegi að norðan allt suður að hinum nýja Fljótshlíðarvegi. Lóðin skal leigð með sömu skilyrðum og lóð sú sem húsið Litli-Hvoll stendur á. Ennfremur hefur Ísleifur rétt til vatnstöku og til vatnsæðarlagningar frá núverandi vatnsæðargreiningu að væntanlegu húsi sínu, en fyrir vatnstökuna komi hlutfallslegt árlegt gjald á móts við aðra vatnsnotendur.

2. Lagt fram bréf Einars Jónssonar, Sunnuhvoli, dags. 22. febr. 1937, þar sem hann óskar eftir að bygginganefndin geri við sig samning um lóð þá er hann hefur undanfarið haft til afnota. Bygginganefnd fól sýslumanni málið til afgreiðslu.

3. Lagt fram bréf frá Sigfúsi Sigurðssyni kennara. dags. 27/10 1935, þar sem hann fer þess á leit að nefndin leigi honum til garðræktar 1/3 hektara af ræktuðu landi í móanum fyrir neðan skólahúsið á Stórólshvoli. Nefndin ákvað að verða við þessari beiðni og ákvað leigugjaldið 10 kr. á ári."

Árið 1944 var á vegum Skógræktarfélag Rangæinga hafin skógrækt fyrir neðan gamla skólahúsið. Vonir sem bundnar voru við þessa gróðursetningu rættust ekki. Þarna átti að verða skemmtigarður, en landið var votlent og trjágróður hefur ekki þrífist þarna.

## Ingólfshvol

Ísleifur Einarsson, fyrsti starfsmaður Kaupfélagsins, byggði þetta ár (1937) þriðja íbúðarhúsið, timburhús á steinsteyptum kjallara. Hann hafði þá kvænast Þorgerði Diðriksdóttur frá Eyrarbakka, náfrænku Ásgríms Jónssonar, hins mikla listmálara. Guðríður, móðir Þorgerðar, var systir Ásgeirs.

Ísleifur Einarsson var lengst af verslunarmaður, en hann ók líka vörubílum Kaupfélagsins. Lengst vann hann í pantanadeild félagsins og sinnti hinum ósýnilegu viðskiptamönnum. Áður en sími var lagður vítt og breitt um héraðið, og bifreiðaeign enn ekki algeng, tíðkaðist sá verslunarmáti að skrifa pantanir heima og senda með mjólkurbílstjórunum. Þeir sem afgreiddu pantanirnar réðu að nokkru leyti hvaða tegundir af vörunum voru sendar heim. Ísleifur fékk orð fyrir að vera einstaklega samviskusamur, þannig að þeir sem hann þekktu báru til hans mikið traust. Börn þeirra hjóna, Birgir, Helga og Diðrik ólust upp í kauptúninu. Ísleifur hafði, eins og fleiri af frumbýlingunum, eina eða tvær kúr og alltaf kindur, og hafði af þeim hina mestu ánægju. Með tímanum hættu frumbýlingarnir kúabúskap, enda kom að því að mjólkurvörur voru á boðstólum í Kaupfélaginu, en það var ekki fyrr en byggt hafði verið nýtt og veglegt verslunarhús við Suðurlandsveginn.

Ísleifur byggði lítil burstalöguð hús yfir búsmalann sinn, sem enn standa ellileg. Hann hafði ómælda ánægju af kindunum sínum. Guðmundur Ingi skáld á Kirkjubóli yrkir um samband fjárbóndans við sauðkindina svohljóðandi:

Eitt sauðlaust ár, það er horfið hjá,

og hinsta lambröddin þögnuð

og nú er hvergi að heyra og sjá

hinn hvíta lifandi fögnuð

og aftur í sama ljóði, sem heitir Hinn hvíti fögnuður, þegar aftur koma kindur í fjárhúsið eftir fjárskipti:

Nú varðar hann lítt um viðstadda menn,

en varir í gælum bærir.

Nú finnur hann þennan unað enn

sem íslenska sauðkindin færir.

Ísleifur Einarsson fluttist til Reykjavíkur árið 1965 og starfaði þar um nokkurra ára skeið hjá Olís við afgreiðslu á bensíni.

## **Sýslumaðurinn kominn til að vera**

### **- fjórða íbúðarhúsið byggt**

Þann 8. nóvember 1937 var Björn Friðgeir Björnsson settur sýslumaður og skipunarbréf til embættisstarfanna fékk hann svo nokkrum mánuðum síðar, 8. apríl 1938. Hann var ekki með öllu ókunnugur í héraðinu því árið 1935 hafði hann verið settur í embættið til að sinna dómsmálum um skeið.

Áður en hann kom til starfa í Rangárvallasýslu hafði hann verið settur sýslumaður í Árnessýslu um tíu mánaða tíma frá 1. desember 1936 til 1. október 1937.

Þegar Björgvin Vigfússon lét af embætti eftir 28 ára farsælt starf, 18 mars 1936, var embættið flutt að Gunnarsholti á Rangárvöllum, þar sem Landgræðsla ríkisins hefur sínar höfuðstöðvar.

Annar merkilegur, ungur lögfræðingur gegndi embætti sýslumanns um nokkurra mánaða tíma og sat í Gunnarsholti. Það var Sigtryggur Klemensson, sem gegndi embættinu frá 1. júlí 1937 til 8. nóvember sama árs. Hann var 26 ára þegar hann kom í Rangárþing. Átti hann eftir að gegna fjölda embætta með sæmd, þar á meðal að verða bankastjóri Seðlabanka Íslands. Ekki þótti hinum unga sýslumanni, Birni Fr. Björnssyni ákjósanlegt embættissetur í Gunnarsholti, enda staðurinn allnokkuð úr alfaraleið,

Þegar tekið er tillit til þess að fátt var enn um bíla sem heimilisfarartæki eða nánast örfáir einkabílar í sýslunni.

Björn fékk fljótt leyfi til að flytja embættið niður í Hvolsvöll og hafði skrifstofuna um tíma uppi á lofti í Arnarhvoli.

Þegar á árinu 1938 hóf Björn Fr. Björnsson byggingu embættisbústaðar í Hvolsvelli. Þar voru skrifstofur sýslunnar til húsa þar til nýtt hús var byggt af Ríkissjóði og Landsbankanum og tekið í notkun árið 1972. Eins og fram hefur komið byggði Guðni Markússon bóndi og smiður í Kirkjulækjarkoti fyrstu steinsteypu húsin í Hvolsvelli. Símtöðvarhúsið byggði hann 1942, sem enn er í notkun með viðbyggingu, og læknisbústaðinn á Stórólshvoli árið 1944, en umsjón með þeirri byggingu fór fram á vegum sýslunnar.

Nú hefur heilsugæslustöð leyst af hólmi læknisstofunnar á Stórólshvoli, bæjarstæði Stórólfs Hængssonar, (en jörðin er landnámsbýli frá 920).

Héraðslæknar Rangæinga hafa nær óslitið búið í Hvolhreppi frá árinu 1834, er Skúli Thorarensen á Móeiðarhvoli tók við starfi. Læknishéraðinu var skipt árið 1956 og þá byggður læknisbústaður og lækningastofur í Hellukauptúni.

Heilsugæslustöð tók til starfa á Hellu árið 1977 og Rangárapótek opnaði í sama húsi ári síðar.

Hinn gjörvulegi, ungi sýslumaður sem austur var nú kominn til að sinna embættinu var, eins og fram er komið, ekki óreyndur til að taka við störfum við héraðsmál. Hann fékk líka góðan liðsmann sér til halds og trausts, Pál Björgvinsson, sýslumannsson á Efra-Hvoli, sem hafði verið sýslufundaritari frá árinu 1925 og ritað fundagerðir með fastri og fallegru rithönd í bækur héraðsins.

Páll var sýsluskrifari frá 1922 til 1930, en þá gerði Jónas Jónasson frá Hriflu hann að sýslufulltrúa og gegndi hann því starfi þar til faðir hans lét af embætti.

Á Efra-Hvoli var líka sýsluskrifari Jóhannes Erlendsson, seinna símtöðvarstjóri að Torfastöðum í Biskupstungum, en hann vann einnig um tíma á skrifstofunni hjá Birni Fr. Björnssyni.

Páll Björgvinsson var gjörkunnugur héraðsmönnum og málum, vel að sér, vandaður og vildi allra götur greiða. Hann var sýslunefndarmaður frá 1946 til dánardægurs 1967. Hann gegndi, auk sveitarstjórnar- og oddvitastarfa, fjöldamörgum embættum fyrir Rangárvallasýslu og Hvolhrepp. T.d. var hann í bygginganefnd Stórólshvolsjarða frá 1945. Formaður læknisbústaðarnefndar og formaður framkvæmdanefndar við byggingu félagsheimilisins Hvols. Hann bar hita og þunga af framkvæmdum við þá byggingu.

## **Sýslumannstúnið**

Þegar sýslumannsbústaðurinn er langt að því fullbúinn, rétt fyrir jólin 1938, er bygginganefnd enn samankomin á skrifstofu sýslumannsins, sem þá var til húsa undir súðinni í Arnarhvolshúsinu.

„Nefndin samþykkti að verða við beiðni sýslumannsins þannig, að landið takmarkist að austanverðu við Ölduna, að sunnan við (nýja og) gamla Fljótshlíðarveginn, að norðan 150 metra frá nefndum vegi og að vestan þannig að landstærðin verði 4 ha. Lóðin skal leigð fyrir kr. 50,00 árlega til næstu 75 ára.

Leigjandi hefur fullan rétt til vatnstöku og til vatnsæðarlagningar frá aðalleiðslunni að væntanlegu húsi sínu, en fyrir vatnstökuna komi hlutfallslegt árgjald á móts við aðra vatnsnotendur."

## Sýsluskrifstofan flutt á Hvolsvöll

Látum r Björn Fr. Björnsson sjálfan segja frá:

„Ég fór austur í Gunnarsholt til að taka við. Þá var þar staddur Páll Björgvinsson til að afhenda mér embættið, en hann hafði verið aðstoðarmaður Sigtryggs. Fannst mér verulega gaman að hitta þarna aftur þennan góðkunningja minn frá sumrinu 1935, er ég leysti föður hans af um tíma, og einnig frá Selfossi, þegar hann vann hjá mér í nokkrar vikur. Í Gunnarsholti var ég með embættið í einn eða tvo daga. Enn hringdi ég í Hermann Jónasson og segi honum að þarna kunni ég alls ekki við að hafa sýsluskrifstofuna. Margt meggi að vísu gott um staðinn segja, en þetta sé þó mjög úr leið fyrir velflesta héraðsbúa. Hafi ég því áhuga á að flytja embættið líkt og gerst hafði í Árnessýslu.

„Og hvert ætlarðu nú að flytja?“ spurði dómsmálaráðherra. „Ætlarðu kannski að flytja niður á Hellu?“ „Nei,“ sagði ég. „Ég vil flytja á Hvolsvöll. Sá staður er mjög miðsvæðis. Þar er kaupfélag og nokkur hús í tengslum við verslunina. Auk þess er læknissetur á Stórolfshvoli. Ég get fengið húsnæði fyrir skrifstofuna og sjálfan mig í Arnarhvoli, sem er íbúðarhús kaupfélagsstjórans, Ágústs Einarssonar frá Miðey og seinni konu hans, Edel Einarsson.“ Hermann samþykkti þá flutninginn með þessum orðum: „Það verður víst svo að vera. Þú ert síflytjandi.“ Þetta varð því úr. Ég flutti embættið á öðrum degi og hafði hraðann á.

Við flutninginn austur varð nú fjölskylda mín eftir á Selfossi fyrsta kastið. En um veturinn fékk ég til íbúðar lítið hús rétt fyrir vestan Arnarhvol. Það nefndist Litlihvoll og í það fluttist ég og fjölskylda mín. En Sýsluskrifstofan var áfram á sínum stað. Eins og áður vann ég að mestu einn við embættið. Páll Björgvinsson kom þó stundum til mín og vann við skriftir. Enn hann var þá tekinn við stóru búi á Efrahvoli og gat því illa vikið sér frá til annarra starfa. Hann greip þó í að hjálpa mér og fór stundum með mér í ferðalög. Slík aðstoð kom sér afar vel og einkum, meðan ég var ókunnugur í héraði. Fór líka einstaklega vel á með okkur og minningin um Pál verður mér jafnan kær. Síðar unnum við saman í yfirs kattanevnd, sýslunefnd, bygginganefnd Stórolfshvols og síðar Hvolsvallar.

Nú var ég búinn að koma mér fyrir og embættinu til bráðabirgða. Engan veginn var fyrir séð hversu lengi ég yrði í starfi. Var það allt óráðið. Við þessar aðstæður hlaut ég þó að una og bíða frekari ákvarðana af ráðuneytisins hálfu. En þar kom um síðir að breyting varð á, svo að ég hafði loks fast undir fæti. Ég fékk skipun í embættið hinn 8. apríl 1938. Engar ráðstafanir gerði ráðuneytið varðandi aðstöðu í húsnæðismálum. Varð ég því sjálfur að taka til minna ráða og koma þeim í annað og betra horf."

## Sýslumannshús byggt á gömlu réttarstæði

„Því ákvað ég á fyrstu sumardögum 1938 að hefjast handa við byggingu húsnæðis á eigin kostnað. Kunningi minn, Þórir Baldvinsson, arkitekt, tók að sér að gera teikningu að húsi hóflegar stærðar þannig að kostnaður yrði mér viðráðanlegur. Sjálfur átti ég aðeins nánast skotsilfur. en leitað hafði ég

til lánastofnana og fengið loforð um ákveðna lánsfjárhæð. Lét ég Þóri vita hver hún væri. Hússtæði valdi ég á hóli fremur smávöxnum, en einum af fáum slíkum á sléttlendinu. Sagði mér gömul kona í Hvolhreppi að þar hefði áður verið réttarstæði. Til byggingarframkvæmda réði ég Guðna Markússon húsasmíðameistara í Kirkjulækjarkoti. Er skemmst frá því að segja að verkinu lauk um haustið næsta. Má segja að það hafi verið vel af sér vikið, enda dugnaðarmenn að starfi. Guðni vissi líka í upphafi að mér var mikið í mun að komast sem allra fyrst í húsið. Þetta haust flutti ég skrifstofuna úr Arnarhvoli og fjölskyldan kvaddi Litlahvol og kom sér fyrir í nýju og vistlegu húsnaði. Þar með var lokið allbreytilegum ferli mínum og míns fólks um Suðurland á leið til langdvalar í Rangárþingi. En um nær 50 ára skeið hafa síðan sýslumenn Rangæinga átt heimili sitt á hóli þeim, þar sem í fyrndinni stóð fjárrétt bændanna í Hvolhreppi."

## **Erfið ár**

Þegar kom fram á árið 1930 fór heimskreppan að valda erfiðleikum hér á landi eins og úti í hinum stóra heimi. Árin milli 1930 og 1940 voru erfið Rangæingum ekki síður en öðrum landsmönnum. Eftir mikið framfaraskeið hófst samdráttur, atvinnuleysi og peningaleysi. Lítið var um byggingar og jarðræktin fór enn að mestu leyti fram með handverkfærum. Þó keyptu Hvolhreppingar og Fljótshlíðingar saman öfluga jarðvinnsludráttarvél á Þjóðhátíðarárinu. Með Fordson dráttarvélinni var unnið fyrir þá sem höfðu efni á að greiða fyrir nýju tæknina.

Ljósi punkturinn á þessum erfiðu árum var sá að með tilkomu brúnna og betri bíla og vega fóru Landeyingar og Eyfellingar að selja mjólk. Eyfellingar byrjuðu að selja mjólk árið 1935, Landeyingar litlu fyrr, en Fljótshlíðingar nokkrum árum áður, enda voru þeir fyrr í akvegasambandi.

Kaupfélagið tók brátt að sér að annast akstur á mjólkinni, fyrst til Mjólkurbús Ölfusinga og síðar til Mjólkurbús Flóamanna, en mjólkurflutningana tók búið að sér sjálf 1945 og keypti þá bíla af kaupfélaginu, sem það hafði notað, en kaupfélögunum var gefinn kostur á að senda vörur með bílum Mjólkurbúsins.

Mjólkurbílstjórnarnir gegndu þýðingarmiklu hlutverki fyrir fólkið úti í sveitabyggðunum og gera enn, þótt á annan máta sé en áður.

Þegar farið var að selja mjólk þurfti fólkið ekki að fara sjálf til að versla, það dugði að senda pöntun út í kaupfélag og varan kom síðdegis eða að morgni næsta dags.

Í kaupfélaginu var innréttuð sérstök pöntunardeild árið 1942. Þar sem hinn ósýnilegi viðskiptamaður fékk sína þjónustu. Lengi réði þar ríkjum Ísleifur Einarsson, sem áður er getið. Oft komu eggjakassar með mjólkurbílunum og heimagert smjör og ekki var óalgengt að tekið væri nákvæmlega út á þetta innlegg, oftast af húsmæðrunum, en hænsnin virtust oft vera séreign þeirra. Oftast var úttektin bökunarvörur, en heimabakstur jaðraði við lúxusvörur, allavega var sætabrauðið fyrst og fremst ætlað gestum, nema á hátíðisdögum.

## **Rafljósín blikka í Hvolsvelli**

### **og af grunni rís frystihús**

Á aðalfundi árið 1935 lagði Ágúst Einarsson kaupfélagsstjóri fram kostnaðaráætlun vegna frystihúss í Hvolsvelli, sem reis af grunni árið eftir og tók til starfa. Keyptar voru notaðar vélar, sem ekki reyndust

vel, svo að á ýmsu gekk um reksturinn. Fjárskortur hamlaði að á því væri hægt að ráða fullkomna bót. Frystihús þetta brann á útmánuðum 1944 og var þá fullt af kjöti. Ekki var það byggt upp á nýtt, en fenginn var lítill frystir austan úr Vík í Mýrdal, sem þar hafði verið notaður af setuliði á stríðsárunum. Við þennan frysti var búið þar til verslunin var flutt niður að Austurvegi. Höfðu kaptúnsbúar þarna ofurlítið frystihólf til umráða, en að öðru leyti var frystirinn notaður til geymslu á kjötvörum til daglegrar sölu.

Haustið 1963 tók til starfa nýtt og fullkomið frystihús í Hvolsvelli, sem var sameign Sláturfélags Suðurlands og Kaupfélags Rangæinga, en síðar seldi kaupfélagið Sláturfélaginu sinn hluta.

Fyrsti ljósgjafinn í kaptúninu var dísilvél, sem keypt var á Akranesi. Detta var 12 cylindra Pólar-dísilvél, og sagt var að hún hefði verið í þýskum kafbáti í fyrra stríði. Hún reyndist bilunargjörn, en ómetanleg voru þægindin þess á milli. Gísli Jónsson frá Ey, sem áður er getið, gætti ljósavélarinnar og var einnig frystihússtjóri.

Á þessum árum voru notaðir rafgeymar og svokölluð háspennubatteri við útvarpstækin. Mikið var hlaðið af rafgeymum í frystihúsinu.

## Fyrsti fjörkippur í uppbygginguna

Vorið 1942 kom fjörkippur í uppbyggingu kaptúnsins. Byrjað var á byggingu Landsímastöðvar við vegamót Fljótshlíðarvegur og Austurvegar, en sá vegur lá þá áfram hjá Eystri-Garðsauka, sem þá var ennþá stór staður, og þaðan beint niður á Þverárbakka. Þetta sumar og haust voru þrjú íbúðarhús byggð. Erlingur Dagsson, sem þá var bókhaldari í Kaupfélaginu, reisti íbúðarhús þar sem voru tvær íbúðir. Byggingarmeistari var Stefán Guðmundsson hreppstjóri í Hveragerði, faðir Unnars. ritstjóra Sveitarstjórnarmála. Um haustið fluttu í húsið áður nefndur Erlingur með eiginkonu sinni, Ragnheiði Jónsdóttur, og Magnús Kristjánsson frá Seljalandi, síðar kaupfélagsstjóri og kona hans, Laufey Guðjónsdóttir frá Fremstuhúsum Dýrafirði.

Vestan við Erlingshús, eins og það var lengi nefnt, byggði svo Guðjón Jónsson frá Torfastöðum hús og nefndi Hlíð. Byggingarmeistari var Ísleifur Sveinsson, bóndi Miðkoti. Kona Guðjóns Jónssonar var Kristbjörg Lilja Árnadóttir, einnig frá áður nefndu Miðkoti. Guðjón og Lilja hófu búskap í Ásgarði. sem raunar heitir Tjaldhólar, en íbúðarhúsið brann í nóvembermánuði 1940. Fluttu þá hjónin með nokkurra mánaða dreng (Rúnar, sem seinna varð sýslumaður Borgfirðinga) að Háamúla í Fljótshlíð, en þaðan fluttust hjónin í sitt nýja hús í Hvolsvelli á haustdögum 1942. Guðjón hafði verið mjólkurbílstjóri Fljótshlíðinni, en gerðist nú starfsmaður á nýbyggðu bílaverkstæði. Nýráðinn verkstjóri var Þorlákur Sigurjónsson frá Tindum í Húnaþingi, en bróðir hans, Erlendur Sigurjónsson, var á þessum árum „suðurferðabílstjóri“, en svo voru bílstjórnarnir nefndir sem ekki önnuðust mjólkurflutninga. Þessir tveir fyrstu starfsmenn bílaverkstæðisins reyndust einstaklega úrræðagóðir, en á stríðsárunum var erfitt að endurnýja bíla og varahlutir lágu ekki á glámbekk.

Á vordögum árið 1940 var Ísland hernumið af breska hernum. Fólk fylltist ugg og kvíða, en áhyggjurnar vöruðu ekki nema skamman tíma. Það fréttist hingað austur í sveitir að hægt væri að fá nóga vinnu í Reykjavík. Það urðu mikil umskipti á örfáum dögum. Hermenn, gráir fyrir járnum, höfðu rofið kyrrð höfuðborgar okkar. Herflutningabílar hlaðnir farangri óku um og vígalegir hermenn strunsuðu um götur, en nú var allt í einu nóg atvinna. Margir Rangæingar lögðu leið sína til Reykjavíkur með hamra og sagir. Ýmsir, sem ekki þóttu neitt sérlega lagtækir heima, urðu bestu

smiðir hjá breska heimsveldinu. Þessir menn voru ekki iðnlærðir og voru kallaðir gervismiðir". Íslendingar fóru að sjá peninga eftir atvinnuleysið, stríðsgullið setti líf í tuskurnar og erfiðu kreppuárin gleymdust furðu fljótt.

Nýr þáttur var hafinn í þjóðlífinu. Ekki var talið að menn þyrftu lengur að kófsvitna við erfiðisvinnuna. Sjálfir fóru bresku hermennirnir sér ekki hratt við vinnu. Hugtak „bretavinnunnar“ var ekki tengt neinum afrekum, en setuliðsvinnan skapaði mikil umsvif. Miklar tekjur leystu úr fjárhagsvanda og skuldum margra, sem búið höfðu við atvinnuleysi. Fljótlega settu breskir hermenn sig niður við Eystri-Rangá, skammt ofan við gömlu brúna hjá Djúpadal.

Allt var samt með kyrrum kjörum í Hvolsvelli, fyrstu misserin eftir hernámið.

Vorið 1941 lét Ágúst Einarsson af störfum sem kaupfélagsstjóri og við tók Sveinn Guðmundsson, frá Litla- Koti í Lýtingsstaðahreppi. Mikið líf fylgdi hinum unga Skagfirðingi, sem átti eftir að starfa í Hvolsvelli næstu fimm árin. Sveinn fylgdi uppgangstímunum, sem hófust með hernáminu, vel eftir. Í hans tíð var vörugeymsluhúsið byggt norðan við gömlu búðina, þar sem Tónlistarskólinn er til húsa. Hann lét stækka gömlu búðina til austurs, þar sem varð vefnaðarvörubúð og pantanaafgreiðsla.

## Upphaf iðnaðar og veröld sem var

Með hernáminu var margra ára kyrrstaða rofin. Þröngur fjárhagur setti mark á mannlífið, sem annars var gott. Klukka landsins gekk hægt og enginn var að flýta sér. Íbúar Hvolsvallar komust fyrir á tveimur kirkjubekkjum Stórolfshvolskirkju, eða í einu bílboddi. Bílstjórar voru hálfgerð átrúnaðargoð, allavega hinir fyrstu. Þeim vara vel til kvenna, enda báru margir virðuleg kaskaitei með svörtu gljásýggni. Stundum gat að líta gljáandi silfurplötu fyrir ofan skyggnið, þar sem lesa mátti einkennisnúmer farartækisins, eða númerið á ökuskránni. Einkanlega tilheyrði þessi skruði Reykjavíkurbílstjórunum. Þegar menn voru komnir með svo virðuleg höfuðföt og í ljósar Oxfordbuxur, eða dökkar pokabuxur, var þá nokkur furða, þótt unga drengi dreymdi um að verða bílstjórar um leið og þeir önduðu að sér bílalyktinni, sem enginn hefði þá trú að væri baneitruð?

(Segja frá berjatekju þegar land varð fjárlaust?)

Stundum var lokað fyrir neyssluvatnið á kvöldin til þess að safna birgðum í geyminn við Króktúnslindina. Stundum mátti sjá konur aka þvottaböllunum sínum á barnavögnum austur í Hvolsgil til að skola þvottinn sinn.

Ljósavélin var sett í gang klukkan átta á morgnana og á henni var slökkt klukkan ellefu. Þessum taktföstu vélarskellum fylgdi líf, líkt og bátunum í sjávarþorpunum, sem koma af hafi.

Menn í kaптúninu höfðu eina eða tvær kýr, sem gátu í hinni eiginlegu merkingu farið út um víðan völl, því engar voru girðingarnar. Það gat tekið langan tíma á kvöldin að leita að kúnum. Stundum mátti sjá Ísleif Sveinsson kominn upp á húsbak með sjónaukann sinn, skimandi eftir vellinum víðfeðma, áður en hafist var handa og kýrnar sóttar. Það var ekki fyrr en á vordögum 1958 að kaupfélagið fór að selja mjólk, árið eftir að flutt var í nýju búðina, en þá gekk undirskriftarskjal um þorpið. Þar sem húsráðendur tjáðu vilja sinn. Áður var algengt að ef fólk vantaði rjóma eða kjötlæri þá var mjólkurbílstjórinn beðinn að kaupa þessar matvörur á Selfossi. Af öllum ólöstuðum þótti Þórarinn Guðjónsson frá Kvihólma VesturEyjafjallahreppi, eða Þórarinn í Ásgarði, vera sá maður sem



allir gátu beðið og aldrei brást. Þótt ekki væri hann orðmargur. Hann var „sendiherra“ sem engum brást.

Á vordögum 1941 var byggingarnefndin saman komin. Fyrir henni liggja nokkur erindi: Lárus hreppstjóri á Þórunúpi, seinna lengi bóndi á Miðhúsum, fer fram á að honum verði úthlutaðir 10 hektarar úr landi Stórolfshvolstorfunnar. Þá er næst beiðni frá Einari Jónssyni, söðlasmiði á Sunnuhvoli, um tveggja hektara lands á erfðafestu. Ársleigan er ákveðin kr. 20 á ári. Þá mætir skólastjórinn í Hvolsskóla, Sigfús Sigurðsson, og biður um tvær dagsláttur í móanum fyrir neðan skólahúsið.

## **Breskur herforingi bankar uppá hjá sýslumanni**

Það var ekki á hverjum degi, sem breska heimsveldið sendi fulltrúa sína á fund embættismanna Rangárbings. En þann 18. maí 1941 er kominn á fund Björns sýslumanns í Hvolsvelli breskur herforingi alsettur orðum og merkjum um mikla tign. Þetta vor hafði breska heimsveldið reist nokkra bragga ofan við sláturhúsið í Djúpadal. Þessi háttsetti herforingi var kominn á fund yfirvaldsins til þess að spyrjast fyrir um hver ætti land það sem hermanskálarnir höfðu verið reistir á. Sýslumaður tók hinum tigna gesti vel og kallaði til Skúla Thorarensen á Móeiðarhvoli og Guðmund Erlendsson hreppstjóra á Núpi, meðnefndarmenn sína í byggingarnefndinni. Þeir félagarnir voru sammála um að eigi væri, eins og á stóð, unnt að standa á móti braggabyggingunni á bökkum Eystri-Rangár. Byggingarnefndin fól svo oddvita sínum að gera leigusamning, en fyrir hvern hermanskála átti að greiða kr. 25,00 í leigu á ári. Um margra ára skeið mátti líta braggaborp ofan við gömlu brúna á Eystri-Rangá.